

Fjögur messuform til tilraunaútgáfu frá Handbókarnefnd þjóðkirkjunnar sem gilda fyrir kirkjuárin 2024–2025 og 2025–2026

Hugtök

Messa og guðspjónusta: Orðin eru notuð jöfnum höndum í þessum formum.

Söfnuður: Hópur fólks í landfræðilegri sókn, samfélag sem kemur saman til messu eða samfélag sem hittist þvert á landfræðilegar einingar til styttri eða lengri tíma í sérþjónustu kirkjunnar.

Almenn guðspjónusta safnaðarins: Sú messa þar sem söfnuður safnast saman árið um kring á hvíldar-, minningar- og hátíðisdögum.

Fjórir þættir messunnar: Messunni er skipt í fjóra þætti: Komuna (eldra heiti: Messuupphaf), Orðið (eldra heiti: Þjónusta Orðsins), Máltíðina (eldra heiti: Samfélagið um Guðs borð) og Sendinguna til þjónustu (eldra heiti: Messulok). Í fyrsta hlutanum kalla klukkur og tónlist okkur til messunnar. Í öðrum hlutanum hlýðum við á fagnaðarerindið og mætum síðan Jesú Kristi í brauði og víni í þriðja hlutanum. Í fjórða hlutanum erum við send út til þjónustu.

Grunnguðspjónusta: Almenn messa með mörgum, hefðbundnum föstum liðum og öllum fjórum hlutum guðspjónustunnar.

Guðspjónusta með valkvæðum liðum: Almenn messa sem inniheldur alla fjóra þætti guðspjónustunnar, en hægt er að stytta einstaka liði eftir þörfum, t.d. vegna kirkjuathafnar (skírnar, fermingar eða hjónavígslu) í guðspjónustunni eða annarra þarfa safnaðarins fyrir sveigjanlegt helgihald.

Guðspjónusta án altarisgöngu: Í þessari messu fellur þriðji þáttur guðspjónustunnar, Máltíðin, niður en þess í stað er lögð aukin áhersla á annan þátt guðspjónustunnar, Orðið og fyrirbænina. Djákni og/eða óvígður fulltrúi safnaðarins á ábyrgð sóknarprests geta stýrt þessari guðspjónustu.

Kjarnaguðspjónusta: Form sem hægt er að nota hvort tveggja sem almenna messu, t.d. í sérþjónustunni, eða sem guðspjónustu á virkum degi. Allir fjórir þættir guðspjónustunnar eru til staðar, en þeir styttnir verulega vegna þarfa safnaðarins fyrir knappt helgihald með áherslu á kjarnaatriði helgihaldsins.

Sálmabók: Átt er við *Sálmabók íslensku kirkjunnar* (2022). Tölur vísa til sálmnúmera ef annað er ekki tekið fram.

Sérmerkingar í messulið

Heiti messuliðar án sérmerkinga stendur fyrir fastan messulið samkvæmt forminu.

* á undan heiti messuliðar merkir að söfnuður standi upp undir liðnum.

Skáletrun messuliðarins merkir að honum megi sleppa eða að hann sé lagaður að aðstæðum hverju sinni. Þegar sleppa má liðnum er textinn inndreginn í forminu.

(+) merkir krossmark

(...) merkir að hér eigi að bæta inn orðum.

L merkir óvígður fulltrúi safnaðarins, djákni eða prestur

D merkir djáknir

P merkir prestur.

S merkir söfnuð.

Í messu þar sem P og L þjóna saman merkir L að æskilegt sé að aðrir leiði liðinn en presturinn. Presti og djákna er heimilt að leiða alla L-liði. Þegar tveir bókstafir koma fram hefur sá í fyrra hlutverkinu forgang. Ef óvissa skapast um hlutverk ber fremur að fylgja merkingum um hlutverkaskiptingu í texta en nótum.

Helstu útlínur messunnar

Messuliðir sem sleppa má í hverju formi fyrir sig eru skáletraðir

1. Grunnguðspjónusta

Tilkynningar, ávarp og þögn fyrir guðspjónustu (*Tilkynningar og ávarp fyrir guðspjónustu falla niður ef ávarp er flutt í upphafi guðspjónustu.*)

Koman

Klukknahringing

Forspil, inngöngusálmur eða innganga í þögn

Innganga

Heilsun

Ávarp (*fellur niður ef tilkynningar eru fluttar og ávarp áður en guðspjónusta hefst*)

Signing

Upphafsbæn/Skírnarminning

Sálmur

Syndajátning (*má flytja eftir Almenna kirkjubæn*)

Miskunnarbæn

Dýrðarsöngur

Kollekta

Orðið

Fyrri ritningarlestur: Lexían

Sálmvers/Víxllestur úr Sálmunum

Seinni ritningarlestur: Pistillinn

Hallelújavers / Föstuvers

Guðspjall

Sálmur / Hallelújavers endurtekið

Prédikun

Trúarjátning

Sálmur

Almenn kirkjubæn

Syndajátning og aflausn (*fellur niður ef syndajátning er lesin í upphafi*)

Friðarkveðja

Sálmur

Máltíðin

Upphaf þakkargjörðarinnar

Heilagur

Þakkarbæn

Innsetningarorðin

Minning

Ákall til heilags anda

Faðir vor

Guðs lamb

Máltíð Jesú

Sendingin

Bæn eftir kvöldmáltíð

Blessun

Sálmur

Lokabæn

Klukknahrínging

Eftirspil

2. Guðsþjónusta með valkvæðum liðum

Tilkynningar, ávarp og þögn fyrir guðsþjónustu (Tilkynningar og ávarp fyrir guðsþjónustu falla niður ef ávarp er flutt í upphafi guðsþjónustu.)

Koman

Klukknahrínging

Forspil, inngöngusálmur eða innganga í þögn

Innganga

Heilsun

Ávarp

Signing

Upphafsbæn/Skírnarminning

Sálmur

Syndajátning (má flytja eftir Almenna kirkjubæn)

Sé skírt, fermt eða gift í messu koma liðir athafnanna hér í stað hefðbundinna liða, sjá þar.

Hér er einnig hægt að setja inn efni sem tengist þemamessum fyrir fólk á öllum aldri í stað hefðbundinna liða.

Miskunnarbæn

Dýrðarsöngur

Kollekta

Orðið

Fyrri ritningarlestur: Lexían

Sálmvers/Víxllestur úr Davíðssálmum

Seinni ritningarlestur: Pistillinn

Hallelújavers / Föstuvers

Guðspjall

Sálmur / Hallelújavers endurtekið

Prédikun

Trúarjátning

Sálmur

Almenn kirkjubæn

Syndajátning og aflausn (*fellur niður ef syndajátning er lesin í upphafi*)

Friðarkveðja

Sálmur

Máltíðin

Upphaf þakkargjörðarinnar

Heilagur, heilagur

Þakkarbæn

Innsetningarorðin

Minning

Ákall til heilags anda

Faðir vor

Guðs lamb

Máltíð Jesú

Sendingin

Bæn eftir kvöldmáltíð

Blessun

Sálmur

Lokabæn

Klukknahringing

Eftirspil

3. Guðspjónusta án altarisgöngu

Tilkynningar, ávarp og þögn fyrir guðspjónustu (*Tilkynningar og ávarp fyrir guðspjónustu falla niður ef ávarp er flutt í upphafi guðspjónustu.*)

Koman

Klukknahringing

Forspil, inngöngusálmur eða innganga í þögn

Heilsun

Ávarp (*fellur niður ef tilkynningar og ávarp eru flutt áður en guðspjónusta hefst*)

Signing

Upphafsbæn/Skírnarminning

Sálmur

Syndajátning

Friðarkveðja

Miskunnarbæn (*sungin, sjá Sálmabók*)

Dýrðarsöngur (*sunginn, sjá Sálmabók*)

Kollekta

Orðið

Lexían

Sálmvers/Víxllestur úr Davíðssálmum

Pistillinn (*einnig má lesa pistil en sleppa lexíu*)

Hallelújavers / Föstuvers

Guðspjall

Sálmur / Hallelújavers endurtekið

Prédikun

Trúarjátning
Sálmur
Almenn kirkjubæn
Faðir vor

Sendingin

Sálmur
Blessun
Lokabæn
Sálmur
Klukknahringing
Eftirspil

4. Kjarnaguðspjónusta

Koman

Forspil, inngöngusálmur eða innganga í þögn
Heilsun
Ávarp
Signing
Sálmur
Kollekta

Orðið

Guðspjall
Sálmur
Prédikun
Sálmur
Almenn kirkjubæn
Syndajátning og friðarkveðja

Máltíðin

Þakkarbæn
Minning
Ákall til heilags anda
Faðir vor
Máltíð Jesú

Sendingin

Bæn eftir kvöldmáltíð
Blessun
Sálmur og/eða eftirspil

Messa I: Almenn guðspjónusta safnaðarins, grunnguðspjónustuform

Sjá nánar um hvern lið messunnar undir „Til aðgæslu við messugjörð.“

Undirbúningur fyrir messu

Þau sem leiða helgihaldið gefa sér góðan tíma til undirbúnings og fara saman yfir helgihaldið með þeim öðrum sem hafa þar hlutverk. Undirbúningnum lýkur með bæn (sjá skráðhúsbænar). Að lokinni bænagjörðinni eru efni og áhöld kvöldmáltíðarinnar borin inn og sett á altarið (eða þar sem svo hagar til á hliðarborð í kór kirkjunnar). Að því loknu geta þau sem leiða guðspjónustuna gengið í forkirkjuna eða farið beint úr skráðhúsinu til þjónustunnar.

Undirbúa má athöfnina með söfnuðinum með þessu ávarpi:

L/P Við undirbúum okkur fyrir guðspjónustuna sem Guð kallar okkur til með því að sitja í þögn. Guð er hér og vill finna okkur.

Fleiri ávörp fyrir guðspjónustu má finna í viðauka.

I. Koman

Klukknahringing

Hringja skal þrívégis fyrir guðspjónustuna, hálfri stundu fyrir messu, stundarfjórðungi fyrir messu og í um það bil þrjár mínútur fyrir heila tímann.

*Forspil, inngöngusálmur eða innganga í þögn

Ganga má beint að altari, til sætis í kór eða leiða fyrsta hluta messunnar úr kórðyrum. Vel fer á að safnaðarfolk risi á fætur undir inngöngunni af virðingu við Krist líkt og mannfjöldinn sem fagnaði Kristi (Matt 21). Forspil guðspjónustunnar er að jafnaði leikið á orgel en einnig má leika það á annað hljóðfæri. Einnig getur forspil verið inngöngusálmur, kórsöngur eða hljóðfæraleikur. Inngöngusálmur getur verið sálmur úr sálmabók (Sálmabók 216-236) eða inngöngusálmur úr Biblíunni (Sálmabók 247-258).

Heilsun

Æskilegt er að óvígður fulltrúi safnaðarins leiði alla liðina frá heilsun til signingar. L heilsar söfnuðinum í Jesú nafni. Eftir ávarp og á undan heilsun má eftir þörfum skýra fyrirkomulag helgihaldsins eða flytja tilkynningar.

L snýr sér að söfnuðinum og syngur:

L Drottinn sé með ykkur.

S Og með þínum anda.



EÐA ef heilsunin er lesin.

L Jesús Kristur sé með ykkur.

S Og með þínum anda.

Eftir ávarp og á undan heilsun má eftir þörfum skýra fyrirkomulag helgihaldsins eða flytja tilkynningar.

Ávarp

L/P getur flutt eitthvert af eftirfarandi ávörpum eða talað frá eigin brjósti. Ávarpi lýkur með signingu. Liðurinn fellur niður ef ávarp er flutt áður en guðsþjónustan hefst. Valkosti má finna í viðauka. Ef L leiðir ávarp, skírnarminningu, inngöngubæn og/eða syndajátningu úr kór er lesið frá lespúlti. Ef L flytur orð sín frá altari snýr L sér að söfnuðinum undir ávarpinu og að altarinu undir skírnarminningu og/eða inngöngubæn.

L Á þessum Drottins degi, sem er [dagur kirkjuársins nefndur],
mætum við náð Guðs í Orði og við borð Jesú.

Hingað [hér má nefna staðinn þar sem guðsþjónustan fer fram] höfum við safnast saman
til að eiga samfélag við Jesú Krist og hvert við annað.

Hér njótum við heilagrar nærveru í tónlist, söng og bæn.

Hér erum við kölluð til að nærast, þroskast og hvílast.

Héðan erum við send út til þjónustu við heiminn sem fylgjendur Jesú Krists.

Signing

Kynna má signinguna t.d. með þessum hætti:

L Við helgum okkur þríeinum Guði í signingunni:

S Í nafni Guðs, (+) sem skapar, frelsar og huggar. Amen.

EDA

S Í nafni Guðs, (+) föður, sonar og heilags anda. Amen.

EDA

S Í nafni (+) heilagrar þrenningar. Amen.

L Hjálp okkar kemur frá Drottni,

S skapara himins og jarðar.

Upphafsbæn

L Drottinn, við erum komin í þitt heilaga hús til að lofa þig og ákalla, til að heyra, hvað þú, Guð faðir, skapari okkar, þú, Drottinn Jesús, frelsari okkar, þú, heilagi andi, huggari okkar, vilt við okkur tala í þínu orði, og til að nærast af þínu borði. Drottinn, heyr þú lofgjörð okkar og bæn og opna þú, með þínum heilaga anda, hjörtu okkar fyrir sakir Jesú Krists, að við fyrir þitt orð iðrumst synda okkar, trúum á Jesú í lífi og dauða og tökum framförum í kristilegu hugarfari og lífern. Bænheyr það, ó Guð, fyrir Jesú Krist. Amen.

Flytja má skírnarminningu til viðbótar við upphafsbæn. Fleiri upphafsbænir og skírnarminningarbænir má finna í viðauka.

Skírnarminning

L Í skírnarvatninu erum við eitt með Kristi, íklædd miskunn og fyrirgefningu Guðs. Þess vegna þökkum við fyrir gjöf skírnarinnar.

Hella má vatni í skírnarfontinn meðan L/P eða S flytur þakkarbænina.

L Guð, sem skapar ár og úthöf, regn og jökla. Við lofum þig fyrir vatnið sem lifgar allt. Í upphafi sveif andi þinn yfir vötnunum, þegar þú kallaðir fram lífið. Þú sást að það var gott. Í heilagri ritningu fylgjum við flóðinu þar sem jörð fór undir vatn, hafinu sem leiddi þræla til

frelsis, ánni þar sem Jesús var skírður, stöðuvatninu þar sem hann lögði storminn, brunninum þar sem kona svalaði þorsta hans og tárunum sem lauguðu fætur hans. Við þökkum þér fyrir gjöf vatnsins, sem við getum drukkið og baðað okkur í og sem nærir allt sem lifir. Við þökkum fyrir _____ (nefna má nöfn staðbundinna vatna og vatnsfalla). Umfram allt lofum við þig fyrir gjöf skírnarinnar, þar sem þú baðar okkur í anda þínum og endurnýjar líf okkar með fyrirgefningu, von og náð. Við þökkum þér fyrir skírnina. S Við þökkum þér fyrir skírnina. Amen.

Syndajátning

Í sérstökum tilvikum, t.d. þegar skírt er í upphafi messu, má flytja syndajátninguna á undan kvöldmáltíðinni í stað þess að flytja hana í upphafi messu. Fleiri syndajátningar má finna í viðauka.

- L** Játum syndir okkar og lifum saman í kærleika og sátt.
- A** Við játum fyrir þér, almáttugi Guð, að við höfum syndgað í hugsunum, orðum og gjörðum. Fyrirgef okkur sakir miskunnar þinnar og leið okkur til eilífs lífs til dýrðar nafni þínu.
- L** Ef við játum syndir okkar, þá er Guð trúr og réttlátur, svo að hann fyrirgefur okkur syndirnar og hreinsar okkur af öllu ranglæti.

Sálmur úr Sálmabók

Sálmurinn fellur niður ef sungið var við Inngöngu.

Miskunnarbæn

Aðrar miskunnarbænar má finna í sálmabókinni (Sálmabók 259–264). Einnig má nota aðrar miskunnarbænar eða sálma sama efnis.

Drott - inn, mis - kunn - a _____ þú.

Krist - ur mis - kunn - a _____ þú.

Drott - inn, mis - kunn - a _____ þú.

*Dýrðarsöngur

Á föstutímum þegar ekki er sunginn Dýrðarsöngur er æskilegt að syngja efnismeiri Miskunnarbæn eða Litaníu við sérstakar aðstæður. Litaníu Lúthers (Sálmabók 811) má syngja eða lesa í víxllestri.

P/L Dýrð sé Guði í upphæðum

S og friður á jörðu og velpóknun yfir mönnunum.

Syngja má framhald Dýrðarsöngsins, sjá sálma og messusöngva í Sálmabók 265-270.



Bæn dagsins (Kollekta)

Bænina má tóna eða lesa.

P/L Biðjum í Jesú nafni. (...)

S Amen (tónað eða lesið)



EÐA

P/L Biðjum. (...)

Sjá kollektubænir sem fylgja textum kirkjuársins.

II. Orðið

Lexían

Lesið er frá kórðrym eða lespúlti. Lesið er úr Gamla testamentinu eða Apókrýfuritunum, sbr. Lestraskrá kirkjuársins. Þegar óvígður fulltrúi safnaðarins les snýr L sér að söfnuði meðan lesið er eða situr í sæti sínu. Söfnuðurinn svarar: „Guði sé þakkargjörð“.

L Lexían er úr ...(rit).

Á hátíðum er lesturinn kynntur þannig:

L Lexía heilagarar ...hátíðar er úr ...(rit).

Að loknum lestri segir lesarinn:

L Þannig hljóðar hið heilaga orð.

S Guði sé þakkargjörð.

Sálmvers eða Víxllestur

Versið má syngja í almennum söng eða kórsöng. Syngja má eða víxlesa úr Sálmunum.

Pistillinn

Lesið er frá kórðrym eða lespúlti. Lesturinn er úr Postulasögunni, bréfunum eða Opinberunarbókinni, sbr. Lestraskrá kirkjuársins.

L Pistill dagsins er úr ...(rit).

Á hátíðum er lesturinn kynntur þannig:

L Pistill heilagarar ...hátíðar er úr ...(rit).

Að loknum lestri segir lesarinn:

L Þannig hljóðar hið heilaga orð.

S Guði sé þakkargjörð.

*Hallelújavers eða Föstuvers

Sungið er Hallelújavers úr Biblíunni eða Hallelújasálmur (Sálmabók 271-282 og 339-340). Bera má fram ljós undir Hallelújasöng og er þá staðið undir versinu. Sé Hallelújavers sungið er kynning guðspjalls ekki tónuð. Þess í stað er guðspjallið kynnt: „Heyrum heilagt guðspjall sem skrifað stendur í ...guðspjalli“. Ljósberar mega ganga á undan þeim er les guðspjallið. Við flutninginn standa þeir hvor sínu megin við lesarann, andspænis hvor öðrum. Lesa má guðspjall frá altarinu, en ef gengið er með guðspjallið má lesa úr kórðyrum eða í miðju kirkjuskípinu. Einnig má tóna guðspjallskynninguna með eldri hætti: „Guðspjallið skrifar guðspjallamaðurinn....“ Þá svarar söfnuðurinn: „Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilega boðskap.“

Alla föstuna er sungið föstovers í stað Hallelúja nema þegar boðunardagur Maríu er haldinn. Þá situr söfnuður undir versinu og guðspjallsganga fellur niður. Velja má einstök vers úr sálum föstu og dymbilviku sem föstovers (Sálmabók 94-118, 119-131).

*Guðspjall

Staðið er undir lestrinum. Að loknum lestri segir lesarinn:

L Þannig hljóðar hið heilaga guðspjall.

S Lof sé þér Kristur.



*Trúarjátning / eða *Trúarjátningarsálmur/ eða Sálmur

Söfnuðurinn stendur undir trúarjátningunni. Prestur eða djákni eða fulltrúi safnaðarins leiðir trúarjátninguna frá kórðyrum og snýr að altari. Trúarjátningin getur verið postullega skírnarjátningin, messujátningin (Níkeujátningin) eða sunginn trúarjátningarsálmur. Fylgi sálmurinn texta trúarjátningarinnar er staðið undir honum, enda kemur hann þá í stað trúarjátningarinnar.

P/L Játum trúna. Ég trú á....

Almenn kirkjubæn

Tilkynningar eru í flestum tilvikum fluttar í upphafi eða í lok messu. Þegar um sérstakt fyrirbænaefni er að ræða má flytja tilkynningar á undan almennri kirkjubæn. Æskilegt er að fulltrúi safnaðarins lesi tilkynningar og að djákni eða óvígður fulltrúi safnaðarins annist þennan lið messunnar. Sjá tillögur að almennum kirkjubænum í viðauka sem fyrirmynd að vinnu í söfnuðum. Almenna kirkjubænin er oftast víxllesin og eru safnaðarsvörin ýmist sungin eða lesin (t.d. Sálmabók 287-289, 290-291).

L Biðjum saman í Jesú nafni.

L Guð...

L Drottinn Guð, þín er jörðin og allt sem á henni er.

S Tak á móti því sem við leggjum fram. Allt sem við eigum tilheyrir þér. Tak á móti okkur, gjöfum okkar og bænum í Jesú nafni. Amen.

Syndajátning

Liðurinn fellur niður ef syndajátningin er flutt í upphafi. Fleiri syndajátningar má finna í viðauka.

P: Játum syndir okkar.

A Guð, við játum syndir okkar og viljum lifa í kærleika og sátt við þig og öll þín börn. Af eigin kröftum getum við ekki losnað undan syndinni. Þess vegna leitum við skjóls í óendanlegri miskunn þinni. Við biðjum um náð í trausti til bróður okkar og frelsara Jesú Krists og játum: Sýndu mér líkn í syndum mínum.

P Almáttugur Guð fyrirgefi okkur allar syndir, styrki okkur og leiði til eilífs lífs, fyrir Jesú Krist. **S** Amen.

Friðarkveðja

Sá eða sú sem leiðir guðsþjónustuna snýr mót söfnuði og segir:

P/L Þegar hinn upprisni Drottinn Jesús Kristur kom til lærisveinanna að kvöldi upprisudagsins sagði hann við þau: Friður sé með ykkur. Þannig viljum við einnig heilsa hvert öðru:

P/L Friður Drottins sé með ykkur

S og með þínum anda.



P: Frið - ur Drott - ins sé — með ykk - ur. **S:** Og með þín - um and - a.

Hér getur safnaðarfólk tekist í hendur (eða lagt lófa sína í lófa þeirra sem næst því eru) og endurtekið friðarkveðjuna.

III. Máltíðin

Sálmur

Söfnuður rís á fætur undir víxllestri og stendur þar til bæn Drottins hefur verið beðin. P snýr að altari og tilreiðir brauð og vín, meðan sálmurinn er sunginn. P er heimilt að þvo hendur sínar fyrir kvöldmáltíðina og hefur þá þessu og skál með vatni á altarinu til þess. P færir hin helgu ker (kaleik og patínu) til hliðar á altarinu, tekur korporalshús (kristslíkamahús) ofan af kaleik (og kaleiksklæði), sækir kristslíkamadúkinn í kristslíkamahúsið og breiðir á altarið, fyrir miðju. Þá tekur L kaleiksklæðið (velum) af kaleik og leggur til hliðar. Þá setur L kaleikinn á kristslíkamadúkinn miðjan, pallan er tekin ofan af kaleik og patínu og lögð til hliðar. Patínuna tekur L ofan af kaleiknum og leggur á kristslíkamadúkinn beint fyrir framan kaleikinn, nær sér. Þá setur L brauð á patínu og hellir víni og vatni í kaleikinn. Taki djákni eða óvígður fulltrúi safnaðarins þátt í lestri þakkarbæna kemur hann að altarinu strax í upphafi þessa liðar. Taki djákni eða óvígður fulltrúi safnaðarins aðeins þátt í útdeilingunni kemur hann upp að altarinu undir *Guðs lamb*. Úrval af þakkargjörðarbænum, t.d. eftir kirkjuári eða tilefni, má finna í viðauka.

*Heilsun og Upphaf þakkargjörðarinnar

Prestur snýr að söfnuði.

P Drottinn sé með ykkur.

S Og með þínum anda.

Prestur snýr að altari.

P Lyftum hjörtum okkar til himins.

S Við hefjum þau til Drottins.

P Við skulum þakka Drottni Guði okkar.

S Það er verðugt og rétt.

P: Drott - inn sé - með ykk - ur.
S: Og með þín - um and - a.

P: Lyft - um hjört - um okk - ar til him - ins.

S: Við hefj - um þau til Drott - ins.

P: Við skul - um þakk - a Drottn - i Guð - i okk - ar.

S: Það er verð - ugt og rétt.

P Sannlega er það verðugt og rétt, að við ávallt og alls staðar lofum þig og þökkum þér, fyrir Drottin Jesú Krist sem þú sendir heiminum til hjálpraðis. Vegna dauða hans

eigum við fyrirgefningu syndanna og fyrir upprisu hans eignumst við lífið. Fyrir hann er nafn þitt vegsamað frá sólarupprás til sólarlags. Þess vegna tökum við undir lofsöng englanna og segjum án afláts:

*Heilagur

Heilagur er sungið eða lesið úr sálmabók (Sálmabók bls. 18 eða nr. 307–308). Einnig má syngja Heilagur sem kórverk.

S: Heil - ag - ur, heil - ag - ur, heil - ag - ur ert þú,
Drott - inn, Guð alls - herj - ar. Himn - arn - ir og
jörð - in er - u full af dýrð þinn - i.
Hó - sí - ann - a í upp - hæð - um.
Bless - að - ur sé sá sem kem - ur í nafn - i Drott - ins.
Hó - sí - ann - a í upp - hæð - um.

*Þakkarbæn

P snýr að altari. Heimilt er að djákni eða óvígður fulltrúi safnaðarins lesi hluta þakkarbænarinnar við hlið prests.

D/L/P Lífsins Guð sem fæðir og fóstrar allt sem lifir. Við lofum þig fyrir allt það sem við höfum frá þér þegið. Við þökkum þér að þú sendir okkur son þinn, Jesú Krist, til að næra hungraðan heim og líkna þeim sem líða. Send okkur heilagan anda, svo að gjafir þínar sem við neytum verði okkur brauð lífsins og bikar blessunarinnar.

*Innsetningarorðin

P gerir krossmark yfir efnunum um leið og hann segir “gerði þakkir” EÐA “Þetta er líkami minn”.. P má lyfta upp patínunni eða oblátu á patínunni meðan sagt er: “Gerið þetta í mína minningu.”

P Drottinn Jesús Kristur tók brauðið nóttina sem hann var svikinn, gerði þakkir, braut það og gaf lærisveinum sínum og sagði: Takið og borðið. Þetta er líkami minn sem fyrir ykkur er gefinn. Gerið þetta í mína minningu.

P gerir krossmark yfir efnunum um leið og hann segir “gerði þakkir” EDA “Þetta er kaleikur...” P má lyfta upp kaleiknum meðan sagt er: “Gerði þetta í mína minningu.”

P Sömuleiðis eftir kvöldmáltíðina tók hann kaleikinn, gerði þakkir, gaf þeim hann og sagði : Drekkið hér af. Þetta er kaleikur hins nýja sáttmála í mínu blóði sem fyrir ykkur er úthellt til fyrirgefningar syndanna. Gerði þetta svo oft sem þið drekkið í mína minningu.

*Minning

P/D/L Þess vegna komum við saman og neytum þessarar máltíðar í minningu hans sem gekk á jörðu, boðaði frið og þjónaði þeim sem þurftu. Fyrir líf hans, dauða hans á krossi og upprisu, fáum við að nálgast þig, eilífi Guð, faðir og móðir, í einum anda.

*Ákall til heilags anda

P Fyll okkur heilögum anda og sameina heilaga kirkju þína í þjónustu við þig og hvert annað. Hér er enginn gestur eða framandi heldur erum við öll eitt í samfélagi heilagra og fjölskylda Guðs.

P má lyfta kaleiknum með vinstri hendi og brauði í þeirri hægri lóðrétt yfir kaleiknum meðan farið er með: “Fyrir Krist ... “ Upphaldið er lægra en yfir Innsetningarorðunum.

S/P Fyrir Krist, með Kristi og í Kristi sé þér, almáttugi Guð, faðir og móðir, í einingu heilags anda, heiður og dýrð í heilagri kirkju þinni um aldir alda.

S Amen.

*Faðir vor

P Biðjum eins og Jesús kenndi okkur að biðja.

S Faðir vor...

Guðs lamb


Sé brauðið hleifur, hostía brotin eða ef oblátum er skipt upp er brauðið brotið undir söngnum um Guðs lamb (sjá kafla um Brotningu brauðsins í “Til aðgæslu við messugjörð”. Guðs lamb er flutt sem kórverk, lesið eða sungið úr sálmbók (sjá bls. 19 eða nr. 309–313). Ef vill má einnig lesa víxllestur yfir brotningu brauðsins áður en Guðs lamb hefst, sjá viðauka.

A Ó, þú Guðs lamb Kristur, þú sem burt berð heimsins synd, miskunna okkur.

Ó, þú Guðs lamb Kristur, þú sem burt berð heimsins synd, miskunna okkur.

Ó, þú Guðs lamb Kristur, þú sem burt berð heimsins synd,

gef okkur frið. Amen.



1.-3. Ó, þú Guðs lamb, Krist - ur, þú sem burt ber heims - ins synd,

1.-2. mis - kunn - a okk - ur!
3. gef okk - ur frið! _____ A - - - men.

Máltíð Jesú

P útdeilir brauði. Æskilegt er að djákni eða óvígður fulltrúi safnaðarins útdeili víni. P snýr á móti söfnuði með patínu í höndum og djákni/óvígður fulltrúi safnaðar með kaleik. Deila má út við grátur, við kórðyr eða á kirkjugólf. Heimilt er að neyta sakramentisins aðeins í öðru efni.

P Brauðið, sem við brjótum, er samfélag um líkama Krists.

D/L/P Sá bikar blessunarinnar, sem við blessum, er samfélag um blóð Krists.

Við hvern þann sem gengur til altaris er sagt :

P Líkami Krists, lífsins brauð. / D/L/P Blóð Krists, bikar lífsins.

Altarisganga er í flestum tilvikum samfelld. Í samræmi við eldri venju, t.d. þegar litlir hópar koma saman og krjúpa við altarið, má presturinn lyfta kaleik og gera krossmark með honum um leið og sagt er: P Jesús Kristur, sem er krossfestur og upprisinn Drottinn og frelsari, varðveiti okkur í samfélaginu við sig í lifandi trú til eilífs lífs. Amen.“

Eftir að útdeilingu lýkur gengur L frá sakramentinu og gætir þess að blanda ekki saman sakramentinu og ónotuðum efnum.

IV. Sendingin

Bæn eftir kvöldmáltíð

D/L/P Við þökkum þér, Guð, uppspretta friðar, fyrir þessa hjálpsamlegu máltíð, þú munt vel fyrir sjá. Gef okkur hugrekki og náð til að bera brauð lífsins út í heiminn. Fyrir Jesú Krist.

S Amen.

*Blessun

P snýr að söfnuði.

P Þökkum Drottni og vegsömum hann.

S Drottni sé vegsemd og þakkargjörð.

EDA:

P Drottni sé vegsemd og þökk því að miskunn hans varir að eilífu.

P lyftir upp höndum.

P Drottinn blessi þig ...

S Amen.

P: Þökk - um Drott - i og veg - söm - um hann.
S: Drott - i sé veg - semd og þakk - ar - gjörð.

P: Drott-inn bless - i þig og varð - veit - i þig. Drott-inn lát - i sín - a

á - sjón - u lýs - a yf - ir þig og sé þér náð - ug - ur.

Drott-inn upp - lyft - i sín - u aug - lit - i yf - ir þig og gef - i þér frið.

S: A - men. eða S: A - men, a - men, a - men.

Í lok blessunarorðanna gerir P krossmark með hægri hendi og getur um leið sagt:

P/L Í nafni Guðs (+) föður og sonar og heilags anda.

Sálmur

Lokabæn

L/P Drottinn, ég þakka þér fyrir það, að þú hefur leyft mér að taka þátt í sameiginlegri guðsþjónustu safnaðarins og þannig minnt mig á hverju ég á að trúa, hvernig ég á að breyta og hvers ég má vona. Hjálpa mér nú, Guð minn, með þínum heilaga anda, til að varðveita þitt orð í hreinu hjarta, styrkjast af því í trúnni, læra af því að taka framförum í guðrækilegu líferni og hugga mig við það í lífi og dauða.

Klukknahringing

Orgeleftirspil

Þjónar messunnar ganga út undir eftirspilinu. Einnig má setjast og hlusta á eftirspilið. Þá getur sá eða sú sem leiðir athöfnina sagt:

P/L Messan er á enda. Farið og þjónið Drottni með gleði.

Messa II : Almenn guðspjónusta safnaðarins, guðspjónusta með valkvæðum liðum

Sjá nánari leiðbeiningar um hvern lið messunnar, þar með taldar nánari leiðbeiningar um hreyfingar í helgihaldi í skjalinu „Til aðgæslu við messugjörð.“

Undirbúningur fyrir messu

Þau sem leiða helgihaldið gefa sér góðan tíma til undirbúnings og fara saman yfir helgihaldið með þeim öðrum sem hafa þar hlutverk. Undirbúningnum lýkur með bæn (sjá skráðhúsþæni). Að lokinni bænagjörðinni eru efni og áhöld kvöldmáltíðarinnar borin inn og sett á altarið (eða þar sem svo hagar til á hliðarborð í kór kirkjunnar). Að því loknu geta þau sem leiða guðspjónustuna gengið í forkirkjuna eða farið beint úr skráðhúsinu til þjónustunnar.

Undirbúa má athöfnina með söfnuðinum með þessu ávarpi:

L/P Við undirbúum okkur fyrir guðspjónustuna sem Guð kallar okkur til með því að sitja í þögn. Guð er hér og vill finna okkur.

Flairi ávörp fyrir guðspjónustu má finna í viðauka.

I. Koman

Klukknahringing

* Forspil, inngöngusálmur eða innganga í þögn

Ganga má beint að altari, til sætis í kór eða leiða fyrsta hluta messunnar úr kórduum. Vel fer á að safnaðarfolk risi á fætur undir inngöngunni af virðingu við Krist líkt og mannfjöldinn sem fagnaði Kristi (Matt 21). Forspil guðspjónustunnar er að jafnaði leikið á orgel en einnig má leika það á annað hljóðfæri. Einnig getur forspil verið inngöngusálmur, kórsöngur eða hljóðfæraleikur. Inngöngusálmur getur verið sálmur úr sálmabók, (Sálmabók 216-236) eða inngöngusálmur úr Biblíunni (Sálmabók 247-258).

Þegar skírt er í messunni er notað skírnarávarp (sjá skírnarform). Liðirnir Klukknahringing, Innganga og Heilsun-víxllestur (liðir 1-3) fara fram með venjulegum hætti, en næst kemur skírnarávarpið í samræmi við skírnarformið. Þegar skírt er í messunni er heimilt að syngja skírnarsálm eftir blessun barnsins og fella síðan niður suma eða alla messuliði fram að guðspjalli. Ferming eða hjónavígsla getur einnig farið fram í guðspjónustunni og má þá stytta fyrsta og annan þátt guðspjónustunnar á sama hátt.

Heilsun

Æskilegt er að óvígður fulltrúi safnaðarins leiði alla liðina frá heilsun til signingar. L heilsar söfnuðinum í Jesú nafni. Eftir ávarp og á undan heilsun má eftir þörfum skýra fyrirkomulag helgihaldsins eða flytja tilkynningar. L snýr sér að söfnuðinum og syngur:

L Drottinn sé með ykkur.

S Og með þínum anda.



EDA ef heilsunin er lesin:

L Jesús Kristur sé með ykkur.

S Og með þínum anda.

Eftir ávarp og á undan heilsun má eftir þörfum skýra fyrirkomulag helgihaldsins eða flytja tilkynningar.

Ávarp

L/P getur flutt eitthvert af eftirfarandi ávörpum eða talað frá eigin brjósti. Ávarpinu lýkur með signingu. Önnur ávörp í upphafi messu má finna í viðauka. Eftir ávarp má eftir þörfum skýra fyrirkomulag helgihaldsins eða lesa tilkynningar.

L Á þessum Drottins degi, sem er [dagur kirkjuársins nefndur],
mætum við náð Guðs í Orði og við borð Jesú.
Hingað [hér má nefna staðinn þar sem guðsþjónustan fer fram] höfum við safnast saman
til að eiga samfélag við Jesú Krist,
með okkur sjálfum og hvert við annað.
Hér njótum við heilagrar nærveru í tónlist, söng og bæn.
Hér erum við kölluð til að nærast, þroskast og hvílast.
Héðan erum við send út til þjónustu við heiminn sem fylgjendur Jesú Krists.

Signing

L Við getum nú helgað okkur þríeinum Guði í signingunni:

S Í nafni Guðs, (+) sem skapar, frelsar og huggar. Amen.

EDA

S Í nafni Guðs, (+) föður, sonar og heilags anda. Amen.

EDA

S Í nafni (+) heilagrar þrenningar. Amen.

L Hjálp okkar kemur frá Drottni,

S skapara himins og jarðar.

Upphafsbæn

Fleiri upphafsbænir má finna í viðauka. Upphafsbæn má sleppa.

L Drottinn, við erum komin í þitt heilaga hús til að lofa þig og ákalla, til að heyra, hvað þú, Guð faðir, skapari okkar, þú, Drottinn Jesús, frelsari okkar, þú, heilagi andi, huggari okkar, vilt við okkur tala í þínu orði, og til að nærast af þínu borði. Drottinn, heyr þú lofgjörð okkar og bæn og opna þú, með þínum heilaga anda, hjörtu okkar fyrir sakir Jesú Krists, að við fyrir þitt orð iðrumst synda okkar, trúum á Jesú í lífi og dauða og tökum framförum í kristilegu hugarfari og líferni. Bænheyr það, ó Guð, fyrir Jesú Krist. Amen.

Lesi má skírnarminningu í stað upphafsbænar eða sleppa báðum liðum. Fleiri skírnarminningarbænir má finna í viðauka.

Skírnarminning

L Í skírnavatninu erum við eitt með Kristi, íklædd miskunn og fyrirgefningu Guðs. Þess vegna þökkum við fyrir gjöf skírnarinnar.

Hella má vatni í skírnarfontinn meðan L/P eða S flytur þakkarbænina.

L Guð, sem skapar ár og úthöf, regn og jökla. Við lofum þig fyrir vatnið sem lifgar allt. Í upphafi sveif andi þinn yfir vötnunum, þegar þú kallaðir fram lífið. Þú sást að það var gott. Í heilagri ritningu fylgjum við flóðinu þar sem jörð fór undir vatn, hafinu sem leiddi þræla til frelsis, ánni þar sem Jesús var skírður, stöðuvatninu þar sem hann lægði storminn, brunninum þar sem kona svalaði þorsta hans og tárunum sem lauguðu fætur hans. Við þökkum þér fyrir gjöf vatnsins, sem við getum drukkið og baðað okkur í, vatnið sem nærir allt sem lifir. Við þökkum fyrir _____ (nefna má nöfn staðbundinna vatna og vatnsfalla). Umfram allt lofum við þig fyrir gjöf skírnarinnar, þar sem þú baðar okkur í anda þínum og endurnýjar líf okkar með fyrirgefningu, von og náð. Við þökkum þér fyrir skírnina. **S** Við þökkum þér fyrir skírnina. Amen.

Syndajátning

Í sérstökum tilvikum, t.d. þegar skírt er í upphafi messu, má flytja syndajátninguna á undan kvöldmáltíðinni í stað þess að flytja hana í upphafi messu. Fleiri syndajátningar má finna í viðauka.

- L** Játum syndir okkar og lifum saman í kærleika og sátt.
- A** Við játum fyrir þér, almáttugi Guð, að við höfum syndgað í hugsunum, orðum og gjörðum. Fyrirgef okkur sakir miskunnar þinnar og leið okkur til eilífs lífs til dýrðar nafni þínu.
- L** Ef við játum syndir okkar, þá er Guð trúr og réttlátur, svo að hann fyrirgefur okkur syndirnar og hreinsar okkur af öllu ranglæti.

Sé skírt í guðsþjónustunni kemur skírnarformið hér á eftir.

Sálmur úr Sálmabók

Sálmurinn fellur niður ef sungið var við Inngöngu.

Miskunnarbæn

Miskunnarbæn má finna í sálmabókinni (Sálmabók 259–264). Einnig má nota aðrar miskunnarbænir eða sálma sama efnis.

Drott - inn, mis - kunn - a_____ þú.

Krist - ur mis - kunn - a_____ þú.

Drott - inn, mis - kunn - a_____ þú.

*Dýrðarsöngur

Á föstuditum þegar ekki er sunginn Dýrðarsöngur er æskilegt að syngja efnismeiri Miskunnarbæn eða Litaníu við sérstakar aðstæður. Litaníu Lúthers (Sálmabók 811) má syngja eða lesa í víxllestri.

P/L Dýrð sé Guði í upphæðum

S og friður á jörðu og velþóknun yfir mönnunum.

Syngja má framhald Dýrðarsöngsins, sjá sálma og messusöngva, sjá Sálmaabók 265-270.

Two staves of musical notation in G major (one sharp) and 4/4 time. The first staff is for the Priest (P) and the second for the Song (S). Both staves feature a melody of eighth and quarter notes with some ties.

P: Dýrð sé _____ Guð - i í upp - hæð - um.

S: Og frið - ur _____ á jörð - u og vel-þókn-un yf - ir mönn-un-um.

Bæn dagsins (Kollekta)

Bænina má tóna eða lesa.

P/L Biðjum í Jesú nafni. (...)

S Amen (tónað eða lesið)

A single staff of musical notation in G major. It contains a melody for the Priest (P) and a short phrase for the Song (S).

P: Biðj um í Jes- ú nafn i P: ...um aldir alda. S: A - men.

EDA

P/L Biðjum. (...)

Sjá kollektubænir sem fylgja textum kirkjuársins.

II. Orðið

Lexían

Lesið er frá kórðyrum eða lespúlti. Lesið er úr Gamla testamentinu eða Apókrýfuritunum, sbr. Lestraskrá kirkjuársins. Þegar óvígður fulltrúi safnaðarins annast lesturinn snýr L sér að söfnuði meðan lesið er eða situr í sæti sínu. Söfnuðurinn svarar: „Guði sé þakkargjörð.“

L Lexía dagsins er úr ...(rit).

Á hátíðum er lesturinn kynntur þannig:

P Lexía heilagrar ...hátíðar er úr ...(rit).

Að loknum lestri segir lesarinn:

L Þannig hljóðar hið heilaga orð.

S Guði sé þakkargjörð.

Sálmvers

Versið má syngja í almennum söng eða kórsöng. Syngja má eða víxlla úr Sálmunum.

Pistillinn

Lesið er frá kórðyrum eða lespúlti. Lesið er úr Postulasögunni, bréfunum eða Ópinberunarbókinni, sbr. Lestraskrá kirkjuársins.

L Pistill dagsins er úr ... (rit).

Á hátíðum er lesturinn kynntur þannig:

L Pistill heilagrar ... hátíðar er úr ... (rit).

Að loknum lestri segir lesarinn:

L Þannig hljóðar hið heilaga orð.

S Guði sé þakkargjörð.

*Hallelújavers eða Föstuvers

Sungið er Hallelújavers úr Biblíunni eða Hallelújasálmur (Sálmabók 271-282 og 339-340). Bera má fram ljós undir Hallelújasöng og er þá staðið undir versinu. Sé Hallelújavers sungið er kynning guðspjalls ekki tónuð. Þess í stað er guðspjallið kynnt: „Heyrum heilagt guðspjall sem skrifað stendur í ...guðspjalli“. Ljósberar mega ganga á undan þeim er les guðspjallið. Við flutninginn standa þeir hvor sínu megin við lesarann, andspænis hvor öðrum. Lesa má guðspjall frá altarinu, en ef gengið er með guðspjallið má lesa úr kórðyrum eða í miðju kirkjuskipinu. Einnig má tóna guðspjallsskyppinguna með eldri hætti: „Guðspjallið skrifar guðspjallamaðurinn....“ Þá svarar söfnuðurinn: „Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilega boðskap.“



Alla föstuna er sungið föstovers í stað Hallelúja nema þegar boðunardagur Maríu er haldinn. Þá situr söfnuður undir versinu og guðspjallsganga fellur niður. Velja má einstök vers úr sálmum föstu og dymbilviku sem föstovers (Sálmabók 94-118, 119-131).

*Guðspjall

Staðið er undir lestrinum. Að loknum lestri segir lesarinn:

L Þannig hljóðar hið heilaga guðspjall.

S Lof sé þér Kristur.

Sálmur eða *Hallelújavers endurtekið

Sé sálmur sunginn sest söfnuður strax að loknum guðspjallslestri. Sé Hallelújavers endurtekið eftir lestur guðspjalls fer vel á að prédikun fylgi strax á eftir.

Prédikun

P gengur í prédikunarstól og flytur útleggingu sína frá textum kirkjuársins eða öðrum völdum ritningartexta. Prédikun má einnig flytja frá kórðyrum og fer þá vel á að allur fyrri hluti messunnar fari fram þaðan. Prédikun hefst með postullegri heilsan, t.d. „Náð sé með ykkur og friður frá Guði, föður okkar, og Drottni Jesú Kristi“ (Kól 1.2b). Einnig má nýta aðrar postullegar kveðjur (2Kor 13.13, Róm 16.24, Gal 6.18, 1Pess 1.1). Vel fer á að P biðji bænar á undan postullegri heilsan, t.d. „Heilagi Guð, helga þú okkur í sannleikanum. Þitt orð er líf, andi

og sannleikur.“ Leggi P ekki út af einhverjum af lestrum dagsins sem lesnir eru frá altari er æskilegt að allur textinn sé lesinn af stólum fyrir prédikun. Valinn texti prédikara kemur ekki í stað lestra kirkjuársins sem áður voru lesnir. Prédikunin endar á dýrðarsöng hinum minni: „Dýrð sé Guði, föður og syni og heilögum anda svo sem var í upphafi, er og verður um aldir alda. Amen.“ Enda má prédikunina á einni af kveðjum postulans í stað dýrðarsöngs hins minni (Fil 4.7, I Þess 5.23, Róm 15.13) en ekki er staðið upp undir kveðjunni.

**Trúarjátning / eða *Trúarjátningarsálmur/ eða Sálmur*

Söfnuðurinn stendur undir trúarjátningunni. Prestur eða djákni eða fulltrúi safnaðarins leiðir trúarjátninguna frá kórðrum og snýr að altari. Trúarjátningin getur verið postullega skírnarjátningin, messujátningin (Nikeujátningin) eða sunginn trúarjátningarsálmur. Fylgi sálmurinn texta trúarjátningarinnar er staðið undir honum, enda kemur hann þá í stað trúarjátningarinnar.

P/L Játum trúna. Ég trúi á....

Almenn kirkjubæn

Tilkynningar eru í flestum tilvikum fluttar í upphafi eða í lok messu. Þegar um sérstakt fyrirbænaefni er að ræða má flytja tilkynningar á undan almennri kirkjubæn. Æskilegt er að fulltrúi safnaðarins lesi tilkynningar og að djákni eða óvígður fulltrúi safnaðarins annist þennan lið messunnar. Sjá tillögur að almennum kirkjubænum í viðauka sem fyrirmynd að vinnu í söfnuðum. Almenna kirkjubænin er oftast víxlesin og eru safnaðarsvörin ýmist sungin eða lesin (t.d. Sálmabók 287-289, 290-291).

L Biðjum saman í Jesú nafni.

L Guð...

Syndajátning

Liðurinn fellur að jafnaði niður ef syndajátningin er beðin í upphafi. Fleiri syndajátningabænar má finna í viðauka.

P Játum syndir okkar.

A Guð, við játum syndir okkar og viljum lifa í kærleika og sátt við þig og öll þín börn. Af eigin kröftum getum við ekki losnað undan syndinni. Þess vegna leitum við skjóls í óendanlegri miskunn þinni. Við biðjum um náð í trausti til bróður okkar og frelsara, Jesú Krists, og játum: Sýndu mér líkn í syndum mínum.

P Almáttugur Guð fyrirgefi ykkur allar syndir, styrki ykkur og leiði til eilífs lífs, fyrir Jesú Krist.

S Amen.

Friðarkveðja

Sá eða sú sem leiðir guðsþjónustuna snýr mót söfnuði og segir:

P/L Þegar hinn upprisni Drottinn Jesús Kristur kom til lærisveinanna að kvöldi upprisudagsins sagði hann við þau: Friður sé með ykkur. Þannig viljum við einnig heilsa hvert öðru:

P/L Friður Drottins sé með ykkur

S og með þínum anda. Hér getur safnaðarfélagið tekið í hendur og endurtekið friðarkveðjuna.



P: Frið - ur Drott - ins sé _____ með ykk - ur. S: Og með þín - um and - a.

III. Máltíðin

Sálmur

Söfnuður rís á fætur undir víxllestri og stendur þar til bæn Drottins hefur verið beðin. P snýr að altari og tilreiðir brauð og vín meðan sálmurinn er sunginn. Taki djákni eða óvígður fulltrúi safnaðarins þátt í lestri þakkarbæna kemur hann að altarinu strax í upphafi þessa liðar. Taki djákni eða óvígður fulltrúi safnaðarins aðeins þátt í útdeilingunni kemur hann upp að altarinu undir *Guðs lamb*. Úrval af þakkargjörðarbænum, t.d. eftir kirkjuári eða tilefni, má finna í viðauka.

*Upphaf þakkargjörðarinnar

Prestur snýr að söfnuði.

P Drottinn sé með ykkur.

S Og með þínum anda.

Prestur snýr að altari.

P Lyftum hjörtum okkar til himins.

S Við hefjum þau til Drottins.

P Við skulum þakka Drottni Guði okkar.

S Það er verðugt og rétt.

P: Drottinn sé með ykkur.
S: Og með þínum anda.

P: Lyftum hjörtum okkar til himins.

S: Við hefjum þau til Drottins.


P: Við skulum þakka Drottni Guði okkar.

S: Það er verðugt og rétt.

P Sannlega er það verðugt og rétt, að við ávallt og alls staðar lofum þig og þökkum þér, fyrir Drottin Jesú Krist sem þú sendir heiminum til hjálpræðis. Vegna dauða hans eigum við fyrirgefningu syndanna og fyrir uppreisnu hans eignumst við lífið. Fyrir hann er nafn þitt vegsamað frá sólarupprás til sólarlags. Þess vegna tökum við undir lofsöng englanna og segjum án afláts:

*Heilagur

Heilagur er sungið eða lesið úr Sálmabók (bls. 18 eða nr. 307–308). Einnig má syngja Heilagur sem kórverk.



*Þakkarbæn

Prestur snýr að altari.

D/L/P Lífsins Guð sem fæðir og fóstrar allt sem hrærist. Við lofum þig fyrir allt það sem við höfum frá þér þegið. Við þökkum þér að þú sendir okkur son þinn, Jesú Krist, til að seðja hungraðan heim og líkna þeim sem líða. Send okkur heilagan anda, svo að gjafir þínar sem við neytum verði okkur brauð lífsins og bikar blessunarinnar.

*Innsetningarorðin

P gerir krossmark yfir efnunum um leið og hann segir “gerði þakkir” EÐA “Þetta er líkami minn”.. **P** má lyfta upp patínunni eða oblátu á patínunni meðan sagt er: “Gerði þetta í mína minningu.”

P Drottinn Jesús Kristur tók brauðið nóttina sem hann var svikinn, gerði þakkir, braut það og gaf lærisveinum sínum og sagði: Takið og borðið. Þetta er líkami minn sem fyrir ykkur er gefinn. Gerið þetta í mína minningu.

P gerir krossmark yfir efnunum um leið og hann segir “gerði þakkir” EÐA “Þetta er kaleikur...” **P** má lyfta upp kaleiknum meðan sagt er: “Gerði þetta í mína minningu.”

P Sömu leiðis eftir kvöldmáltíðina tók hann kaleikinn, gerði þakkir, gaf þeim hann og sagði : Drekkið hér af. Þetta er kaleikur hins nýja sáttmála í mínu blóði sem fyrir ykkur er úthellt til fyrirgefningar syndanna. Gerið þetta svo oft sem þið drekkið í mína minningu.

*Minning

P/D/L Þess vegna komum við saman og neytum þessarar máltíðar í minningu hans sem gekk á jörðu, boðaði frið og þjónaði þeim sem þurftu. Fyrir líf hans, dauða hans á krossi og upprisu, fáum við að nálgast þig, eilífi Guð, faðir og móðir, í einum anda.

*Ákall til heilags anda

P Fyll okkur heilögum anda og sameina heilaga kirkju þína í þjónustu við þig og hvert annað. Hér er enginn gestur eða framandi heldur erum við öll eitt í samfélagi heilagra og fjölskylda Guðs.

P má lyfta kaleiknum með vinstri hendi og brauði í þeirri hægri lóðrétt yfir kaleiknum meðan farið er með: “Fyrir Krist ...” Upphaldið er lægra en yfir Innsetningarorðunum.

S/P Fyrir Krist, með Kristi og í Kristi sé þér, almáttugi Guð, faðir og móðir, í einingu heilags anda, heiður og dýrð í heilagri kirkju þinni um aldir alda.

S Amen.

*Faðir vor

P Biðjum eins og Jesús kenndi okkur að biðja.

S Faðir vor...

Guðs lamb

Sé brauðið hleifur, hostía brotin eða ef oblátum er skipt upp er brauðið brotið undir söngnum um Guðs lamb (sjá kafla um Brotningu brauðsins í “Til aðgæslu við messugjörð”. Guðs lamb er flutt sem kórverk, lesið eða sungið úr sálmaþók (sjá bls. 19 eða nr. 309–313). Ef vill má einnig lesa víxlestur yfir brotningu brauðsins áður en Guðs lamb hefst, sjá viðauka.

1.-3. Ó, þú Guðs lamb, Krist - ur, þú sem burt ber heims - ins synd,
1.-2. mis - kunn - a okk - ur!
3. gef okk - ur frið! _____ A - - - men.

Máltíð Jesú

Prestur útdeilir brauði. Æskilegt er að djákni eða óvígður fulltrúi safnaðarins útdeili víni. Prestur snýr á móti söfnuði með patínu í höndum og djákni/óvígður fulltrúi safnaðar með kaleik. Deila má út við grátur, við kórðyr eða á kirkjugólfi. Heimilt er að neyta sakramentisins aðeins í öðru efninu.

P Brauðið, sem við brjótum, er samfélag um líkama Krists.

D/L/P Sá bikar blessunarinnar, sem við blessum, er samfélag um blóð Krists.

Við hvern þann sem gengur til altaris er sagt: Líkami Krists, lífsins brauð. / Blóð Krists, bikar lífsins.

P Líkami Krists, lífsins brauð. / **D/L/P** Blóð Krists, bikar lífsins.

Altarisganga er í flestum tilvikum samfelld. Í samræmi við eldri venju, t.d. þegar litlir hópar koma saman og krjúpa við altarið, má presturinn lyfta kaleik og gera krossmark með honum um leið og sagt er: **P** Jesús

Kristur, sem er krossfestur og upprisinn Drottinn og frelsari, varðveiti okkur í samfélaginu við sig í lifandi trú til eilífs lífs. Amen.“

Eftir að útteilingu lýkur gengur L frá sakramentinu og gætir þess að blanda ekki saman sakramentinu og ónotuðum efnum.

IV. Sendingin

Bæn eftir kvöldmáltíð

P/L Við þökkum þér, Guð uppspretta friðar, að þú munt vel fyrir sjá. Við biðjum þess að þú gefir þú okkur hugrekki og náð til þess að bera brauð lífsins út í heiminn, í höndum okkar og hjörtum, og gefa öðrum af því. Fyrir Jesú Krist, Drottin okkar, sem með þér lifir og ríkir í einingu heilags anda, einn sannur Guð um aldir alda.

S Amen.

***Blessun**

P snýr að söfnuði.

P Þökkum Drottni og vegsömum hann.

S Drottni sé vegsemd og þakkargjörð.

EÐA:

P Drottni sé vegsemd og þökk því að miskunn hans varir að eilífu.

P lyftir upp höndum.

P Drottinn blessi þig ...

S Amen.

Í lok blessunarorðanna gerir *P* krossmark með hægri hendi og getur um leið sagt:

P/L Í nafni Guðs (+) föður og sonar og heilags anda.

P: Þökk - um Drott - i og veg - söm - um hann.
S: Drott - i sé veg - semd og þakk - ar - gjörð.

P: Drott - inn bless - i þig og varð - veit - i þig. Drott - inn lát - i sín - a

á - sjón - u lýs - a yf - ir þig og sé þér náð - ug - ur.

Drott - inn upp - lyft - i sín - u aug - lit - i yf - ir þig og gef - i þér frið.

S: A - men. eða S: A - men, a - men, a - men.

Sálmur

Lokabæn

L/P Drottinn, ég þakka þér fyrir það, að þú hefur leyft mér að taka þátt í sameiginlegri guðsþjónustu safnaðarins og þannig minnt mig á hverju ég á að trúa, hvernig ég á að breyta og hvers ég má vona. Hjálpa mér nú, Guð minn, með þínum heilaga anda, til að varðveita þitt orð í hreinu hjarta, styrkjast af því í trúnni, læra af því að taka framförum í guðrækilegu líferni og hugga mig við það í lífi og dauða.

Klukknahringing

Orgeleftirspil

Þjónar messunnar ganga út undir eftirspilinu. Einnig má setjast og hlusta á eftirspilið. Þá getur sá eða sú sem leiðir athöfnina sagt:

P/L Messan er á enda. Farið og þjónið Drottni með gleði.

Messa 3: Almenn guðspjónusta safnaðarins: Guðspjónusta án altarisgöngu

Sjá nánari leiðbeiningar um hvern lið messunnar, þar með talið um hreyfingar í helgihaldi í viðaukanum „Til aðgæslu við messugjörð.“

Undirbúningur fyrir messu

Þau sem leiða helgihaldið gefa sér góðan tíma til undirbúnings og fara saman yfir helgihaldið með þeim öðrum sem hafa þar hlutverk. Undirbúningnum lýkur með bæn (sjá skráðhúsabætur). Að lokinni bænagjörðinni eru efni og áhöld kvöldmáltíðarinnar borin inn og sett á altarið (eða þar sem svo hagar til á hliðarborð í kór kirkjunnar). Að því loknu geta þau sem leiða guðspjónustuna gengið í forkirkjuna eða farið beint úr skráðhúsinu til þjónustunnar.

Undirbúa má athöfnina með söfnuðinum með þessu ávarpi:

L/P Við undirbúum okkur fyrir guðspjónustuna sem Guð kallar okkur til með því að sitja í þögn. Guð er hér og vill finna okkur.

Fleiri ávörp fyrir guðspjónustu má finna í viðauka.

1. Koman

Klukknahringing

Forspil, inngöngusálmur eða innganga í þögn

Ganga má beint að altari, til sætis í kór eða leiða fyrsta hluta messunnar úr kórduum. Vel fer á að safnaðarfolk rísi á fætur undir inngöngunni af virðingu við Krist líkt og mannfjöldinn sem fagnaði Kristi (Matt 21). Forspil guðspjónustunnar er að jafnaði leikið á orgel en einnig má leika það á annað hljóðfæri. Einnig getur forspil verið inngöngusálmur, kórsöngur eða hljóðfæraleikur. Inngöngusálmur getur verið sálmur (Sálmabók 216-236) eða inngöngusálmur úr Biblíunni (Sálmabók 247-258).

Heilsun

Æskilegt er að óvígður fulltrúi safnaðarins leiði alla liðina frá heilsun til signingar. L heilsar söfnuðinum í Jesú nafni. Eftir ávarp og á undan heilsun má eftir þörfum skýra fyrirkomulag helgihaldsins eða flytja tilkynningar. L snýr sér að söfnuðinum og syngur:

L Drottinn sé með ykkur.

S Og með þínum anda.



EÐA ef heilsunin er lesin.

L Jesús Kristur sé með ykkur

S og með þínum anda.

Eftir ávarp og á undan heilsun má eftir þörfum skýra fyrirkomulag helgihaldsins eða flytja tilkynningar.

Ávarp

Sá eða sú sem leiðir messuna (L) gerir grein fyrir messunni með þessum orðum eða öðrum frá eigin brjósti:

Góð systkin. Um allan heim koma trússystkin okkar saman á degi Drottins, sunnudeginum/helgideginum _____ til þess að heyra Guðs orð, syngja saman, brjóta brauðið og biðja saman. Í dag mætum við hvert öðru í kærleikanum sem Guð gefur okkur í orði heilagrar ritningar og í útlekkingu þess í prédikuninni. Þegar Guð kallar okkur saman í Jesú nafni með hljómi kirkjuklukknanna og í tónum forspilsins frammi fyrir sínu augliti minnumst við þess að við erum ófullkomnar manneskjur á leið til fullkomnunar í samfélagi Jesú Krists og í eftirfylgd hans. Þess vegna viljum við nú í upphafi messunnar játa syndir okkar, biðja Guð um fyrirgefningu og óska síðan hvert öðru friðar og sáttar.

Signing

Kynna má signinguna, t.d. með þessum hætti:

L Við helgum okkur þríeinum Guði í signingunni:

S Í nafni Guðs, + föður, sonar og heilags anda. Amen.

Upphafsbæn

Fleiri upphafsbænir má finna í viðauka. Upphafsbæn má sleppa.

L Drottinn, við erum komin í þitt heilaga hús til að lofa þig og ákalla, til að heyra, hvað þú, Guð faðir, skapari okkar, þú, Drottinn Jesús, frelsari okkar, þú, heilagi andi, huggari okkar, vilt við okkur tala í þínu orði, og til að nærast af þínu borði. Drottinn, heyr þú lofgjörð okkar og bæn og opna þú, með þínum heilaga anda, hjörtu okkar fyrir sakir Jesú Krists, að við fyrir þitt orð iðrumst synda okkar, trúum á Jesú í lífi og dauða og tökum framförum í kristilegu hugarfari og líferni. Bænheyr það, ó Guð, fyrir Jesú Krist. Amen.

Lesi má skírnarminningu í stað upphafsbænar eða sleppa báðum liðum. Fleiri skírnarminningarbænir má finna í viðauka.

Skírnarminning

L Í skírnavatninu erum við eitt með Kristi, íklædd miskunn og fyrirgefningu Guðs. Þess vegna þökkum við fyrir gjöf skírnarinnar.

Hella má vatni í skírnarfontinn meðan L/P eða S flytur þakkarbænina.

L Guð, sem skapar ár og úthöf, regn og jökla. Við lofum þig fyrir vatnið sem lifgar allt. Í upphafi sveif andi þinn yfir vötnunum, þegar þú kallaðir fram lífið. Þú sást að það var gott. Í heilagri ritningu fylgjum við flóðinu þar sem jörð fór undir vatn, hafinu sem leiddi þræla til frelsis, ánni þar sem Jesús var skírður, stöðuvatninu þar sem hann lægði storminn, brunninum þar sem kona svalaði þorsta hans og tárnum sem lauguðu fætur hans. Við þökkum þér fyrir gjöf vatnsins, sem við getum drukkið og baðað okkur í, vatnið sem nærir allt sem lifir. Við þökkum fyrir _____ (nefna má nöfn staðbundinna vatna og vatnsfalla). Umfram allt lofum við þig fyrir gjöf skírnarinnar, þar sem þú baðar okkur í anda þínum og endurnýjar líf okkar með fyrirgefningu, von og náð. Við þökkum þér fyrir skírnina. S Við þökkum þér fyrir skírnina. Amen.

Sálmur

Syndajátning

Sjá fleiri syndajátningar í viðauka.

- L** Játum syndir okkar og lifum saman í kærleika og sátt.
- A** Við játum fyrir þér, almáttugi Guð, að við höfum syndgað í hugsunum, orðum og gjörðum. Fyrirgef okkur sakir miskunnar þinnar og leið okkur til eilífs lífs til dýrðar nafni þínu.
- L** Ef við játum syndir okkar, þá er Guð trúr og réttlátur, svo að hann fyrirgefur okkur syndirnar og hreinsar okkur af öllu ranglæti.

Friðarkveðja

L snýr mót söfnuði og segir:

P/L Friður Drottins sé með ykkur

S og með þínum anda.

Hér getur safnaðarfólk tekist í hendur og endurtekið friðarkveðjuna. Hvetja má söfnuðinn til að heilsa einnig þeim sem eru í næstu röð fyrir framan eða aftan.

Miskunnarbæn

Miskunnarbæn má finna í sálmaabókinni (Sálmaabók 259–264). Einnig má nota aðrar miskunnarbænar eða sálma sama efnis.



Dýrðarsöngur

Á föstu er ekki sunginn Dýrðarsöngur nema á boðunardegi Maríu.

P/L Dýrð sé Guði í upphæðum

S og friður á jörðu og velþóknun yfir mönnunum.

Syngja má framhald Dýrðarsöngsins, sjá sálma og messusöngva í Sálmaabók 265-270.



Bæn dagsins (Kollekta)

Bænina má tóna eða lesa.

P/L Biðjum í Jesú nafni. (...)

S Amen (tónað eða lesið)

EÐA

P/L Biðjum. (...)

Sjá kollektubænir sem fylgja textum kirkjuársins.



Lestrar dagsins

Lexían

Lesið er frá kórðyrum eða lespúlti. Lesið er úr Gamla testamentinu eða Apókrýfuritunum, sbr. Lestraskrá kirkjuársins. Þegar óvígður fulltrúi safnaðarins annast lesturinn snýr L sér að söfnuði meðan lesið er eða situr í sæti sínu. Söfnuðurinn svarar: „Guði sé þakkargjörð“.

L Lexía dagsins er úr ...(rit).

Á hátíðum er lesturinn kynntur þannig:

P Lexía heilagrar ...hátíðar er úr ...(rit).

Að loknum lestri segir lesarinn:

L Þannig hljóðar hið heilaga orð.

S Guði sé þakkargjörð.

Sálmvers

Versið má syngja í almennum söng eða kórsöng. Syngja má eða víxlesla úr Sálmunum.

Pistillinn

Lesið er frá kórðyrum eða lespúlti. Lesið er úr Postulasögunni, bréfunum eða Opinberunarbókinni, sbr. Lestraskrá kirkjuársins.

L Pistill dagsins er úr ...(rit).

Á hátíðum er lesturinn kynntur þannig:

L Pistill heilagrar ...hátiðar er úr ... (rit).

Að loknum lestri segir lesarinn:

L Þannig hljóðar hið heilaga orð.

S Guði sé þakkargjörð.

*Hallelújavers eða Föstuvers

Sungið er Hallelújavers úr Bibliunni eða Hallelújasálmur (Sálmabók 271-282 og 339-340). Bera má fram ljós undir Hallelújasöng og er þá staðið undir versinu. Sé Hallelújavers sungið er kynning guðspjalls ekki tónuð. Þess í stað er guðspjallið kynnt: „Heyrum heilagt guðspjall sem skrifað stendur í ...guðspjalli“. Ljósberar mega ganga á undan þeim er les guðspjallið. Við flutninginn standa þeir hvor sínu megin við lesarann, andspænis hvor öðrum. Lesa má guðspjall frá altarinu, en ef gengið er með guðspjallið má lesa úr kórðyrum eða í miðju kirkjuskípinu. Einnig má tóna guðspjallskynninguna með eldri hætti: „Guðspjallið skrifar guðspjallamaðurinn...“ Þá svarar söfnuðurinn: „Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilega boðskap.“



P: Guð - spjall - ið skrif - ar guð - spjall - a - mað - ur - inn ...



S: Guð - i sé lof og dýrð fyr - ir sinn gleð - i - leg - an boð - skap.

Alla föstuna er sungið föstuvers í stað Hallelúja nema þegar boðunardagur Maríu er haldinn. Þá situr söfnuður undir versinu og guðspjallsganga fellur niður. Velja má einstök vers úr sálmum föstu og dymbilviku sem föstuvers (Sálmabók 94-118, 119-131).

*Guðspjall

Staðið er undir lestrinum. Að loknum lestri segir lesarinn:

L Þannig hljóðar hið heilaga guðspjall.

S Lof sé þér Kristur.

Sálmur eða *Hallelújavers endurtekið

Ef Hallelújavers er endurtekið eftir lestur guðspjalls er ekki tónuð kynning guðspjalls og söfnuðurinn svarar guðspjallinu syngjandi með versinu. Ef Hallelújaversið er ekki endurtekið eftir guðspjallið svarar söfnuðurinn: „Lof sé þér Kristur“ og sálmur fylgir á eftir. Sé sálmur sunginn sest söfnuðurinn strax að loknum guðspjallslestri.

Sálmur

Prédikun

P gengur í prédikunarstól og flytur útleggingu sína frá textum kirkjuársins eða öðrum völdum ritningartexta. Prédikun má einnig flytja frá kórðyrum og fer þá vel á að allur fyrri hluti messunnar fari fram þaðan. Prédikun hefst með postullegrri heilsan, t.d. „Náð sé með ykkur og friður frá Guði, föður okkar, og Drottni Jesú Kristi“ (Kól 1.2b). Einnig má nýta aðrar postullegar kveðjur (2Kor 13.13, Róm 16.24, Gal 6.18, 1Pess 1.1). Vel fer á að P biðji bænna á undan postullegrri heilsan, t.d. „Heilagi Guð, helga þú okkur í sannleikanum. Þitt orð er líf, andi og sannleikur.“ Leggi P ekki út af einhverjum af lestrum dagsins sem lesnir eru frá altari er æskilegt að allur textinn sé lesinn af stólnum fyrir prédikun. Valinn texti prédikara kemur ekki í stað lestra kirkjuársins sem áður voru lesnir. Prédikunin endar á dýrðarsöng hinum minni: „Dýrð sé Guði, föður og syni og heilögum anda svo sem var í upphafi, er og verður um aldir alda. Amen.“ Enda má prédikunina á einni af kveðjum postulans í stað dýrðarsöngs hins minni (Fil 4.7, 1Pess 5.23, Róm 15.13) en ekki er staðið upp undir kveðjunni.

*Trúarjátning / eða *Trúarjátningarsálmur / eða Sálmur

Söfnuðurinn stendur undir trúarjátningunni. Prestur eða djákni eða óvígður fulltrúi safnaðarins leiðir trúarjátninguna frá kórðyrum og snýr að altari. Trúarjátningin getur verið postullega skírnarjátningin, messujátningin (Níkeujátningin) eða sunginn trúarjátningarsálmur. Fylgi sálmurinn texta trúarjátningarinnar er staðið undir honum, enda kemur hann þá í stað trúarjátningarinnar.

P/L Játum trúna. Ég trúí á....

Almenn kirkjubæn

Tilkynningar eru í flestum tilvikum fluttar í upphafi eða í lok messu. Þegar um sérstakt fyrirbænaþefni er að ræða má flytja tilkynningar á undan almennri kirkjubæn. Æskilegt er að fulltrúi safnaðarins lesi tilkynningar og að djákni eða óvígður fulltrúi safnaðarins annist þennan lið messunnar. Sjá tillögur að almennum kirkjubænum í viðauka sem fyrirmynd að vinnu í söfnuðum. Almenna kirkjubænin er oftast víxlesin og eru safnaðarsvörin ýmist sungin eða lesin (t.d. Sálmabók 287-289, 290-291).

L Biðjum saman í Jesú nafni.

L Guð...

Faðir vor

L Allar bænir okkar sameinum við í bæninni sem frelsari okkar, Jesús Kristur, kenndi okkur að biðja og segjum saman: Faðir vor ...

Sálmur

Sálmur er sunginn eftir bænina. Einnig er hægt að syngja sálminn eftir blessunarorðin og á undan klukknaðringingunni. Æskilegt er að velja sálm eða sálmvers sem minnir á að söfnuðurinn er sendur til þjónustu.

Blessun

P og D flytja blessun Drottins ávallt með upplyftum höndum og gera krossmark við lok hennar. Þegar óvígður fulltrúi safnaðarins lýsir blessun eru orðin lesin án handaupplyftingar.

L snýr að söfnuði.

L Þökkum Drottni og vegsömum hann.

S Drottni sé vegsemd og þakkargjörð.

EÐA:

L Drottni sé vegsemd og þökk því að miskunn hans varir að eilífu.

P lyftir upp höndum.

L Drottinn blessi þig ...

S Amen.

P: Þökk - um Drott - i og veg - söm - um hann.
S: Drott - i sé veg - semd og þakk - ar - gjörð.

P: Drott-inn bless - i þig og varð - veit - i þig. Drott - inn lát - i sín - a

á - sjón - u lýs - a yf - ir þig og sé þér náð - ug - ur.

Drott - inn upp - lyft - i sín - u aug - lit - i yf - ir þig og gef - i þér frið.

S: A - men.

eða

S: A - men, a - men, a - men.

Bæn og/eða Sálmur

Lokabæn

L Drottinn, ég þakka þér fyrir það, að þú hefur leyft mér að taka þátt í sameiginlegri guðsþjónustu safnaðarins og þannig minnt mig á hverju ég á að trúa, hvernig ég á að breyta og hvers ég má vona. Hjálpa mér nú, Guð minn, með þínum heilaga anda, til að varðveita þitt orð í hreinu hjarta, styrkjast af því í trúnni, læra af því að taka framförum í guðrækilegu líferni og hugga mig við það í lífi og dauða.

Klukknahrínging

Eftirspil

L Messan er á enda. Farið og þjónið Drottni með gleði.

Messa 4: Almenn guðspjónusta safnaðarins: Kjarnaguðspjónustuform

Undirbúningur fyrir messu

Þau sem leiða helgihaldið gefa sér góðan tíma til undirbúnings og fara saman yfir helgihaldið með þeim öðrum sem hafa þar hlutverk. Undirbúningnum lýkur með bæn (sjá skruðhúsbætur). Að lokinni bænagjörðinni eru efni og áhöld kvöldmáltíðarinnar borin inn og sett á altarið (eða þar sem svo hagar til á hliðarborð í kór kirkjunnar).

Undirbúa má athöfnina með söfnuðinum með þessu ávarpi:

L/P Við undirbúum okkur fyrir guðspjónustuna sem Guð kallar okkur til með því að sitja í þögn. Guð er hér og vill finna okkur.

Fleiri ávörp fyrir guðspjónustu má finna í viðauka.

I. Koman

***Forspil, inngöngusálmur eða innganga í þögn**

Heilsun

L heilsar söfnuðinum og segir:

L Jesús Kristur sé með ykkur.

S og með þínum anda.

L Hjálp okkar er í nafni Drottins,

S skapara himins og jarðar.

Í staðinn fyrir lesna heilsun má tóna hana.



Ávarp

L gerir grein fyrir messunni og getur flutt eitthvert af eftirfarandi ávörpum eða talað frá eigin brjósti. Ávarpinu lýkur með signingu. Það fellur niður ef söfnuðurinn er ávarpaður áður en guðspjónustan hefst (sjá þar). Önnur ávörp má finna í viðauka.

Signing

Í nafni Guðs, + föður, sonar og heilags anda. Amen.

Vertu, Guð faðir, faðir minn
í frelsarans Jesú nafni,
hönd þín leiði mig út og inn
svo allri synd ég hafni. (Hallgrímur Pétursson)

EDA

Eg veit, að aldrei dvín
ástin og mildin þín,
því fel ég mig og mína,
minn Guð, í umsjá þína. (Herdís Andrésdóttir)

Sálmur úr Sálmabók

Sálmurinn fellur niður ef sungið var við Inngöngu.

Bæn dagsins (Kollekta)

Bænina má tóna eða lesa.

P/L Biðjum í Jesú nafni. (...)

S Amen. (tónað eða lesið)

EÐA

P/L Biðjum. (...)

Sjá kollektubænir sem fylgja textum kirkjuársins.



II. Orðið

Guðspjall

Tóna má guðspjallskynninguna með eldri hætti: „Guðspjallið skrifar guðspjallamaðurinn...“ Þá svarar söfnuðurinn: „Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilega boðskap.“ Einnig er hægt að kynna guðspjallið með því að segja: „Heyrum heilagt guðspjall sem skrifað stendur í ...guðspjalli“.



Sálmur

Prédikun

P gengur í prédikunarstól og flytur útleggingu sína frá textum kirkjuársins eða öðrum völdum ritningartexta. Prédikun má einnig flytja frá kórduyrum og fer þá vel á að allur fyrri hluti messunnar fari fram þaðan. Prédikun hefst með postullegri heilsan, t.d. „Náð sé með ykkur og friður frá Guði, föður okkar, og Drottni Jesú Kristi“ (Kól 1.2b). Einnig má nýta aðrar postullegar kveðjur (2Kor 13.13, Róm 16.24, Gal 6.18, 1Þess 1.1). Vel fer á að P biðji bænar á undan postullegri heilsan, t.d. „Heilagi Guð, helga þú okkur í sannleikanum. Þitt orð er líf, andi og sannleikur.“ Leggi P ekki út af einhverjum af lestrum dagsins sem lesnir eru frá altari er æskilegt að allur textinn sé lesinn af stólnum fyrir prédikun. Valinn texti prédikara kemur ekki í stað lestra kirkjuársins sem áður voru lesnir. Prédikunin endar á dýrðarsöng hinum minni: „Dýrð sé Guði, föður og syni og heilögum anda svo sem var í upphafi, er og verður um aldir alda. Amen.“ Enda má prédikunina á einni af kveðjum postulans í stað dýrðarsöngs hins minni (Fil 4.7, 1 Þess 5.23, Róm 15.13) en ekki er staðið upp undir kveðjunni.

Sálmur

Almenn kirkjubæn

Tilkynningar eru í flestum tilvikum fluttar í upphafi eða í lok messu. Þegar um sérstakt fyrirbænaðrefni er að ræða má flytja tilkynningar á undan almennri kirkjubæn. Æskilegt er að fulltrúi safnaðarins lesi tilkynningar og að djákni eða óvígður fulltrúi safnaðarins annist þennan lið messunnar. Sjá tillögur að almennum kirkjubænum í viðauka sem fyrirmynd að vinnu í söfnuðum. Almenna kirkjubænin er oftast víxllesin og eru safnaðarsvörin ýmist sungin eða lesin (t.d. Sálmabók 287-289, 290-291).

Syndajátning

Fleiri syndajátningabænar má finna í viðauka.

P Játum syndir okkar.

A Guð, við játum syndir okkar og viljum lifa í kærleika og sátt við þig og öll þín börn. Af eigin kröftum getum við ekki losnað undan syndinni. Þess vegna leitum við skjóls í óendanlegri miskunn þinni. Við biðjum um náð í trausti til bróður okkar og frelsara, Jesú Krists, og játum: Sýndu mér líkn í syndum mínum.

P Almáttugur Guð fyrirgefi okkur allar syndir, styrki okkur og leiði til eilífs lífs, fyrir Jesú Krist.

S Amen.

Friðarkveðja

P/L snýr mót söfnuði og segir:

P/L Þegar hinn upprisni Drottinn Jesús Kristur kom til lærisveinanna að kvöldi upprisudagsins sagði hann við þau: Friður sé með ykkur. Þannig viljum við einnig heilsa hvert öðru:

P/L segir eða syngur:

P/L Friður Drottins sé með ykkur

S og með þínum anda.



P: Frið - ur Drott - ins sé _____ með ykk - ur. S: Og með þín - um and - a.

III. Máltíðin

Þakkarbæn

Heimilt er að djákni eða óvígður fulltrúi safnaðarins lesi hluta þakkarbænarinnar við hlið prests.

D/L/P Lyftum hjörtum okkar til himins og þökkum Drottni!

Við lofum þig, Guð elskunnar, sem ert ljósmóðir lífsins og gefur jarðveg, regnvatn og sólskin, svo að jörðin megi bera ávöxt.

Við þökkum þér að þú elskaðir svo heiminn að þú gafst einkason þinn, Jesú Krist, svo að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf.

Heilagur andi, við biðjum þig að vökva okkur með visku þinni, svo að gjafir þínar megi verða okkur brauð lífsins og bikar blessunarinnar.

*Innsetningarorðin

P gerir krossmark yfir efnunum um leið og hann segir “gerði þakkir” EÐA “Þetta er líkami minn”.. P má lyfta upp patínunni eða oblátu á patínunni meðan sagt er: “Gerið þetta í mína minningu.”

P Drottinn Jesús Kristur tók brauðið nóttina sem hann var svikinn, gerði þakkir, braut það og gaf lærisveinum sínum og sagði: Takið og borðið. Þetta er líkami minn sem fyrir ykkur er gefinn. Gerið þetta í mína minningu.

P gerir krossmark yfir efnunum um leið og hann segir “gerði þakkir” EÐA “Þetta er kaleikur...” P má lyfta upp kaleiknum meðan sagt er: “Gerið þetta í mína minningu.”

P Sömuleiðis eftir kvöldmáltíðina tók hann kaleikinn, gerði þakkir, gaf þeim hann og sagði : Drekkið hér af. Þetta er kaleikur hins nýja sáttmála í mínu blóði sem fyrir ykkur er úthellt til fyrirgefningar syndanna. Gerið þetta svo oft sem þið drekkið í mína minningu.

*Minning

P/D/L Þess vegna komum við saman og neytum þessarar máltíðar í minningu hans sem gekk á jörðu, boðaði frið og þjónaði þeim sem þurftu. Fyrir líf hans, dauða hans á krossi og upprisu, fáum við að nálgast þig, eilífi Guð, faðir og móðir, í einum anda.

*Ákall til heilags anda

P Fyll okkur heilögum anda og sameina heilaga kirkju þína í þjónustu við þig og hvert annað. Hér er enginn gestur eða framandi heldur erum við öll eitt í samfélagi heilagra og fjölskylda Guðs.

P má lyfta kaleiknum með vinstri hendi og brauði í þeirri hægri lóðrétt yfir kaleiknum meðan farið er með: “Fyrir Krist ... “ Upphaldið er lægra en yfir Innsetningarorðunum.

S/P Fyrir Krist, með Kristi og í Kristi sé þér, almáttugi Guð, faðir og móðir, í einingu heilags anda, heiður og dýrð í heilagri kirkju þinni um aldir alda.

S Amen.

L Biðjum eins og Jesús kenndi okkur að biðja.

A Faðir vor...

Máltíð Jesú

P útdeilir brauði. Æskilegt er að djákni eða óvígður fulltrúi safnaðarins útdeili víni. P snýr á mótí söfnuði með patínu í höndum og djákni/óvígður fulltrúi safnaðar með kaleik. Deila má út við grátur, við kórduyr eða á kirkjugólfi. Heimilt er að neyta sakramentisins aðeins í öðru efninu. P snýr sér að söfnuði og segir:

P Brauðið, sem við brjótum, er samfélag um líkama Krists.

D/L/P Sá bikar blessunarinnar, sem við blessum, er samfélag um blóð Krists.

Við hvern þátttakanda í máltíðinni:

P: Líkami Krists, lífsins brauð. / D/L/P Blóð Krists, bikar lífsins.

Altarisganga er í flestum tilvikum samfelld. Í samræmi við eldri venju, t.d. þegar litlir hópar koma saman og krjúpa við altarið, má presturinn lyfta kaleik og gera krossmark með honum um leið og sagt er: **P** Jesús Kristur, sem er krossfestur og upprisinn Drottinn og frelsari, varðveiti okkur í samfélaginu við sig í lifandi trú til eilífs lífs. Amen.“

Eftir að útteilingu lýkur gengur L frá sakramentinu og gætir þess að blanda ekki saman sakramentinu og ónotuðum efnum.

IV. Sendingin

Bæn eftir kvöldmáltíð

D/L/P Guð, við þökkum þér að þú hefur nú mettað okkur með brauði lífsins. Hjálpa okkur að vera greinar á vínvið þínum og gefa öðrum af brauði okkar. Varðveit okkur í gleði hjálpræðis þíns. Í Jesú nafni.

S Amen.

*Blessun

P snýr að söfnuði.

P Þökkum Drottni og vegsömum hann.

S Drottni sé vegsemd og þakkargjörð.

EÐA:

P Drottni sé vegsemd og þökk því að miskunn hans varir að eilífu.

P lyftir upp höndum.

P Drottinn blessi þig ...

S Amen.

P: Þökk - um Drottn - i og veg - söm - um hann.
S: Drottn - i sé veg - semd og þakk - ar - gjörð.

P: Drott-inn bless - i þig og varð - veit - i þig. Drott-inn lát - i sín - a

á - sjón - u lýs - a yf - ir þig og sé þér náð - ug - ur.

Drott-inn upp-lyft - i sín - u aug - lit - i yf - ir þig og gef - i þér frið.

S: A - men. eða S: A - men, a - men, a - men.

Í lok blessunarorðanna gerir P krossmark með hægri hendi og getur um leið sagt:

P/L Í nafni Guðs (+) föður og sonar og heilags anda.

Sálmur

Lokabæn

L/P Drottinn, ég þakka þér fyrir það, að þú hefur leyft mér að taka þátt í sameiginlegri guðspjónustu safnaðarins og þannig minnt mig á hverju ég á að trúa, hvernig ég á að breyta og hvers ég má vona. Hjálpa mér nú, Guð minn, með þínum heilaga anda, til að varðveita þitt orð í hreinu hjarta, styrkjast af því í trúnni, læra af því að taka framförum í guðrækilegu líferni og hugga mig við það í lífi og dauða.

Klukknahringing

Eftirspil

Valkostir:

Skrúðhúsbænir

Æskilegt er að öll þau sem að messunni þjóna safnist saman í skríðhúsi til bænar. Þar sem altari er í skríðhúsi er safnast saman þar og myndaður hálfhringur fyrir framan altarið. Kveikt er á kertum. Efni og áhöld til kvöldmáltíðarinnar eru á altari skríðhússins eða á borði. Sé ekki altari í skríðhúsi er kveikt á kerti eða kertastiku og staðið kringum ljósið. Ef fleiri safnast saman en skríðhúsið rúmar, t.d. þegar messuþjónar eru margir eða söngfólkið (kórinn) tekur þátt í inngöngu til messu er safnast saman í forkirkju eða safnaðarsal. Þá er beðið bænar þar til viðbótar við þá bænagjörð sem fram fer í skríðhúsi.

Skrúðabænir

Vígðir þjónar skríðast ölbu, stólu og linda. Presturinn sem leiðir máltíð Drottins skríðist hökli. (Biskup skríðist kápu). Þegar hempa er notuð skríðist presturinn rykkilíni og stólu yfir hempuna, en ekki linda. Æskilegt að þau sem leiða helgihaldið haldi þeim forna sið að þvo hendur sínar. Einnig má væta þær með sótthreinsandi vökva. Á eftir handþvotti má biðja:

L Þvo mig Drottinn, svo að ég megi með hreinum höndum þjóna í helgidómi þínum.

Þau sem gegna vígðri þjónustu geta beðið eftirfarandi bænar meðan skríðst er.

Þegar þau íklæðast ölbunni:

L Þau sem skríð eru til Krists hafa íklæðst Kristi

Þegar stólan er lögð yfir herðar:

L Þú leggur ok þitt á mig og byrði þín er létt

Þegar lindinn er bundinn:

L Hinn heilagi girði mig með krafti og geri vegu mína slétta.

Prestur getur beðið eftirfarandi bænar áður en hann skríðist höklinum.

Þegar hökli er steipt yfir herðar:

L Þú felur mig í leyndum í tjaldi þínu og lyftir mér á klett þinn, svo vil ég færa þér lofgörðarfórn við altari þitt og lofa þig, Guð minn, frammi fyrir þínu fólki.

Þegar vígðir þjónar hafa skríðst geta þau sem koma að helgihaldinu beðið saman á þennan hátt:

I Ég gleðst yfir Drottni,

II ég fagna yfir Guði mínum

I því að hann bjó mig klæðum hjálpræðisins,

II sveipaði mig skikkju réttlætisins. (Jes 61.10)

I Dýrð sé Guði, föður og syni og heilögum anda,

II svo sem var í upphafi er og verður um aldir alda.

I&II Amen

Skrúðhúsbæn á undan inngöngu til messu

A Ég vil inn ganga að altari Guðs,
til Guðs minnar fagnandi gleði.

L Hversu yndislegir eru bústaðir þínir, Drottinn hersveitanna.
Sálu mína langaði til, já, hún þráði forgarða Drottins,

A Nú fagnar sála mín og líf
fyrir hinum lifanda Guði

- L** Heill þeim sem búa í húsi þínu
og lofa þig alla tíð.
- A** Heill þeim sem finna styrk hjá þér
og fylgja þér af öllu hjarta.
- L** Send ljós þitt og trúfesti þína, þau skulu leiða mig,
þau skulu fara með mig til fjallsins þíns helga, til bústaðar þíns,
- A** til Guðs, minnar fagnandi gleði,
og þakka þér, Guð, undir hörpuslætti.
- A** Ég vil inn ganga að altari Guðs,
til Guðs minnar fagnandi gleði.

Skrúðhúsbæn

Bænina má biðja í framhaldi bænarinnar hér á undan eða sem sjálfstæða bæn.

L Guð, þú upplýsir hjörtu þeirra sem trúa með heilögum anda. Því biðjum við þig að undirbúa hjörtu okkar fyrir þjónustuna við þína helgu leyndardóma svo að við megum fagna minningu stórmerkja þinna á verðugan hátt, færa þér í syni þínum lofgjörðarförn og tilbeiðslu og elska þig með eilífri elsku. Hjálpa okkur að deila til safnaðarins brauði og víni samfélagsins við þig. Ver sjálfur mitt á meðal okkar og fyll okkur krafti og mætti nálægðar þinnar. **A** Amen

L Drottinn er nálægur öllum þeim sem ákalla hann,

A öllum sem í einlægni ákalla hann (Slm 145.18)

L Munnur minn lofi Drottinn

A og allt sem skapað er lofi nafn hans.

L Drottinn, við biðjum þig að undirbúa okkur í þínum heilaga anda fyrir þjónustuna við orð þitt og við borð þitt. Þegar við þjónum þeim sem þú kallar til máltíðar þinnar þá gef okkur náð til að standa frammi fyrir þér í auðmýkt og í aga. Hreinsa okkur, upplýs okkur, tendra í okkur eld þíns heilaga anda. Sameina okkur í sönnum kærleika. Sameina okkur í trúfesti og í hlýðni við vilja þinn. Hjálpa söfnuði þínum og reis ríki þitt.

Tak á móti þjónustu okkar í miskunn þinni þér til lofs og þér til + dýrðar. **A** Amen

Efni og áhöld kvöldmáltíðarinnar eru borin að altari kirkjunnar að bænargjörð lokinni. Einnig má bera þau inn sem hluta af sameiginlegri inngöngu.

Að messu lokinni

Þegar messu lýkur bera þau sem þar þjónuðu efni og áhöld til skrudhúss. Þegar þau hafa safnast saman þar neyta þau þess sem eftir er af helguðu brauði og víni og biðja síðan:

L Við viljum þakka Drottni.

A Drottinn hefur gjört mikla hluti við okkur. Við fögnum og gleðjumst yfir því.

L Drottinn við þökkum þér fyrir gjöf þína og biðjum þig fyrir söfnuði þínum. Varðveit hann í náð þinni, staðfest hann í kærleika þínum og nær hann með návist þinni.

Gef okkur dag hvern brauð lífsins. Ver hjá okkur, lát kirkju þína vaxa, lát okkur ásamt öllum þeim sem á þig trúa sameinast undir þinni stjórn. Þú ert lindin sem aldrei þornar. Þú ert brunnur og uppspretta eilífs lífs.

A Þér sé + lof og dýrð að eilífu. Amen Þar á eftir afskrýðast hin skryddu.

Ávarp með tilkynningum fyrir messuupphaf

L/P Kæru Krists vinir/kæri söfnuður/kæra safnaðarfolk.

Við komum saman í kirkjunni í dag til að heyra Guðs orð, meðtaka sakramentin og næra trúna í samfélagi með söng og bæn. Í dag prédikar NN, og XY leiðir okkur í lestri og bænum. Eftir guðspjónustuna verður kaffi til sölu til styrktar XX og við megum láta það af hendi rakna sem við ráðum við til styrktar góðu málefni. **[Aðlagð aðstæðum hverju sinni].**

EÐA

L/P Við undirbúum okkur fyrir guðspjónustuna sem Guð kallar okkur til á meðan við hlýðum á klukknahringingu og forspil sem NN leikur/leika.

Ávarp við messuupphaf: Valkostir

L/D/P Við erum komin saman hér í ...-kirkju til að styrkjast í sameiningu af orði og máltíð Jesú Krists. *[Hér mætti skýra eftir þörfum fyrirkomulag messunnar]*. Við erum öll eitt í Jesú Kristi. Okkur er nú boðið að helga okkur tákni krossins og við getum leyft signingunni að minna okkur á einingu trúarsamfélagsins: Í nafni Guðs, föður, sonar og heilags anda. Amen.

EÐA

Í dag er [dagur kirkjuársins nefndur] og við höfum safnast saman til guðspjónustu. *[Hér mætti skýra eftir þörfum fyrirkomulag messunnar]*. Við göngum til móts við Guð, sem er í senn djúp, orð og andi og þiggjum gjafir Jesú Krists í Orðinu og í máltíð hans. Það er okkur boðið að tákna með signingunni: Í nafni heilagrar þrenningar. Amen.

EÐA

Í dag er [dagur kirkjuársins nefndur] og við höfum safnast saman til guðspjónustu hér í ...-kirkju. Sum okkar gengu saman inn í helgidóminn undir forspilinu/sálminum, sem fulltrúar okkar allra, til merkis um að við göngum öll saman hingað inn til móts við hinn krossfesta og upprisna Krist. *[Hér mætti skýra eftir þörfum fyrirkomulag messunnar]*. Í einingu getum við merkt okkur sköpun, elsku og helgun með tákni krossins: Í nafni Guðs, föður, sonar og heilags anda. Amen.

EÐA

Hingað erum við komin úr ólíkum áttum til fundar við Guð í helgidóminum, til að njóta samvista í tónlist, bæn og lofgjörð. *[Hér mætti skýra eftir þörfum fyrirkomulag messunnar]*. Við getum nú helgað okkur tákni krossins í signingunni: Í nafni Guðs, sem skapar, frelsar og hugar. Amen.

EÐA

Við göngum inn í helgidóminn til móts við hinn krossfesta og upprisna Krist og söfnumst saman til guðspjónustu hér í ...-kirkju. Við erum fjölbreyttur hópur með ólíkan bakgrunn. Mættum við öll vera einhuga í lofgjörð okkar og bæn, hafa sama kærleika, einn hug og eina sál. *[Hér mætti skýra eftir þörfum fyrirkomulag messunnar]*. Í einingu getum við merkt okkur sköpun, elsku og helgun með tákni krossins. Amen.

EÐA

L/D/P flytur ávarp frá eigin brjósti eða ávarp sem safnaðarfolk hefur undirbúið.

EÐA

Við undirbúum okkur fyrir guðspjónustuna sem Guð kallar okkur til með því að sitja andartak í þögninni. Drottinn er hér og vill finna okkur.

Inngöngubæn

Inngöngubæn 1

- A** Þú sem ert með okkur þar sem við lifum og búum,
í návist þinni viljum við vera
í þínum heilaga anda,
í nafni þínu biðjum við. Amen.

Inngöngubæn 2

- L** Eins hef ég beðið Drottin,
það eitt þrái ég,
S að ég fái að dveljast í húsi Drottins
alla ævidaga mína
til þess að horfa á yndisleik Drottins
og leita svara í húsi Guðs. Amen.

Inngöngubæn 3

- A** Gef, Drottinn, þakklátt hjarta og þjónandi hendur svo að við lofum þig í
guðsþjónustunni fyrir mildi þína og vitnum um allt það góða sem þú gefur. Amen.

Inngöngubæn 4

- A** Send okkur þinn heilaga anda, skapari og frelsari, svo að við getum heyrt orð þín, lofað
þig með þökk í hjarta, og í orði og verki vitnað um máttarverk þín. Amen.

Inngöngubæn 5:

Leiðbeiningar fyrir tákni með tali munu fylgja með bæninni í endanlegri gerð.

- A** Guð, þú ert hjá okkur. Láttu ljósið þitt lýsa okkur.
Jesús, þú gengur með okkur. Gefðu okkur frið þinn.
Heilagur andi, þú sérð okkur. Taktu á móti hugsunum okkar þegar við biðjum í hljóði.
Þú tekur í hönd okkar. Leiddu okkur réttan veg. Amen.

Inngöngubæn 6

Vertu, Guð faðir, faðir minn
í frelsarans Jesú nafni,
hönd þín leiði mig út og inn
svo allri synd ég hafni. (Hallgrímur Pétursson)

Inngöngubæn 7

Eg veit, að aldrei dvín
ástin og mildin þín,
því fel ég mig og mína,
minn Guð, í umsjá þína. (Herdís Andrésdóttir)

Inngöngubæn 8

- A** Guð, við lofum þig. Klukkur kalla, þú ert hér og vilt finna okkur. Takk fyrir það. Amen.

Inngöngubæn 9

L Drottinn, við erum komin í þitt heilaga hús til að lofa þig og ákalla, til að heyra, hvað þú, Guð faðir, skapari okkar, þú, Drottinn Jesús, frelsari okkar, þú, heilagi andi, huggari okkar, vilt við okkur tala í þínu orði, og til að nærast af þínu borði. Drottinn, heyr þú lofgjörð okkar og bæn og opna þú, með þínum heilaga anda, hjörtu okkar fyrir sakir Jesú Krists, að við fyrir þitt orð iðrumst synda okkar, trúum á Jesú í lífi og dauða og tökum framförum í kristilegu hugarfari og líferni. Bænheyr það, ó Guð, fyrir Jesú Krist. Amen.

Skírnarminning

Hver bæn endar með því að söfnuðurinn segir: „Guð, við þökkum þér fyrir gjöf skírnarinnar.“

L: Í skírnarvatninu erum við eitt með Kristi, íklædd miskunn og fyrirgefningu Guðs. Við þökkum þér fyrir gjöf skírnarinnar.

S: Guð, við þökkum þér fyrir gjöf skírnarinnar.

EÐA:

L: Þökkum Guði sem gaf okkur skírnina. *Svar*

EÐA:

L: Við söfnumst saman og minnumst skírnarinnar. *Svar*

Hella má vatni í skírnarfontinn meðan sú/sá sem leiðir guðsþjónustuna, eða annar fulltrúi safnaðarins, flytur skírnarminningarbænina, einn eða með söfnuðinum:

L: Guð, sem skapar ár og úthöf, regn og jökla. Í upphafi sveif andi þinn yfir vötnunum, þegar þú kallaðir fram lífið, sem þú sást að var gott. Nú þökkum við þér, Drottinn, fyrir gjöf vatnsins, regnvatn sem nærir allt sem lifir, vatnið sem við getum drukkið og laugað okkur í, og fyrir skírnarvatnið sem helgar okkur kærleika þínum, fyrirgefningu og náð. Við þökkum þér fyrir gjöf skírnarinnar.

EÐA

Guð lífsins. Við lofum þig fyrir ólíkar frásagnir trúar okkar um vatnið: sögurnar um flóð sem eyddi jörðinni, um haf sem leiddi þræla til frelsis, um á þar sem Jesús var skírður og smurður af heilögum anda, um stöðuvatn þar sem hann lægði storminn, um brunn þar sem kona svalaði þorsta hans, og um tárin sem lauguðu fætur hans. Hjálpa okkur að endurnýjast við þessa guðsþjónustu í gjöf skírnarinnar, þar sem þú vilt baða okkur í anda þínum og endurnýja líf okkar með fyrirgefningu, von og náð. Við þökkum því fyrir gjöf skírnarinnar.

EÐA

Guð, þú sem ert brunnur miskunnar og haf kærleika. Við lofum þig fyrir gjöf skírnarinnar, þar sem þú vilt baða okkur í anda þínum og endurnýja líf okkar með fyrirgefningu, von og náð. Hjálpa okkur að láta þessa guðsþjónustu minna okkur á loforð skírnarinnar, svo að við göngum áfram veg lífsins í krafti nærveru þinnar. Við þökkum þér fyrir gjöf skírnarinnar.

EÐA

Við þökkum þér, Guð, fyrir vatnið sem þú hefur skapað og gefur líf. Við þökkum fyrir rigninguna sem nærir jörðina, vatnið sem við getum drukkið og laugað okkur í, við þökkum fyrir... (*nefna má nöfn staðbundinna vatnsfalla, t.d. Ölfusá, Héraðsvötnin, Lagarfljótið*), fallegu heiða(r)vötnin og öflugu árnar. Við þökkum þér fyrir að í skírninni erum við eitt með Jesú Kristi í heilögum anda og megum þiggja miskunn og fyrirgefningu Guðs. Við þökkum þér fyrir gjöf skírnarinnar.

Syndajátning í upphafi messu

Syndajátning (sunnudaga árið um kring)

- L** Játum syndir okkar og lifum saman í kærleika og sátt.
- A** Við játum fyrir þér, almáttugi Guð, að við höfum syndgað í hugsunum, orðum og gjörðum. Fyrirgef okkur sakir miskunnar þinnar og leið okkur til eilífs lífs til dýrðar nafni þínu.
- L** Ef við játum syndir okkar, þá er Guð trúr og réttlátur, svo að hann fyrirgefur okkur syndirnar og hreinsar okkur af öllu ranglæti. *Miskunnarbæn fylgir í beinu framhaldi.*

Syndajátning (einkum á aðventu, jólum og sunnudögum eftir þrettánda)

- L** Játum Guði syndir okkar og þeim sem ganga með okkur á lífsins braut. Lifum saman í kærleika og sátt.
- A** Við játum fyrir þér, Guð, að við höfum syndgað gagnvart þeim sem minnst mega sín, þurfa á okkur að halda og treysta á okkur. Fyrirgef okkur sinnuleysi og eigingirni og gef okkur kærleika hvert til annars.
- L** Guð, sem sér trú okkar, segir: Syndir þínar eru fyrirgefna. Göngum uppreist og þjónum náunganum í kærleika. *Miskunnarbæn fylgir í beinu framhaldi.*

Syndajátning (einkum á föstu)

- L** Játum að án náðar Guðs stjórna syndirnar okkur. Lifum saman í kærleika og sátt.
- A** Við játum fyrir þér, almáttugi Guð, að án þín bugumst við og erum ofurseld sundrung og dauða. Gef okkur trú svo við megum hleypta náð þinni inn í tilveru okkar.
- L** Guð, sem kallar syndara til að fylgja sér, fyrirgefur okkur og gefur huggun og styrk til að lifa í kærleika og sátt. *Miskunnarbæn fylgir í beinu framhaldi.*

Syndajátning (einkum á páskum, gleðidögum, hvítasunnu og þrenningarhátíð)

- L** Játum syndir okkar fyrir Guði sem leiðir lífið til sigurs, og lifum saman í kærleika og sátt.
- A** Við játum fyrir þér, Guð, að við tökum fyrirheiti þínu um líf í fullri gnægð með tómleiki og efa. Opna hjörtu okkar fyrir gjöf eilífs lífs.
- L** Drottinn er sannarlega á þessum stað, þótt við vitum það ekki. Guð leiðir okkur um réttan veg, þar sem við megum næðis njóta. *Miskunnarbæn fylgir í beinu framhaldi.*

Syndajátning (einkum á sunnudögum eftir þrenningarhátíð)

- L** Játum syndir okkar og lifum í kærleika og sátt við samfélag okkar og umhverfi.
- A** Við játum fyrir þér, almáttugi Guð, að við höfum syndgað gegn þér, gegn sköpunarverkinu og hvert gegn öðru. Fyrirgef okkur og leið okkur til eilífs lífs til dýrðar nafni þínu. Við áköllum þig um miskunn.
- L** Guð, sem skapar ljósið og lífið með orði sínu sendir anda sinn yfir okkur, styrkir okkur og leiðir til sáttar og friðar við allt sem lifir. *Miskunnarbæn fylgir í beinu framhaldi.*

Almenn kirkjubæn

Sjá sérstakt skjal með kirkjubænum og bænum í sérstökum aðstæðum.

Syndajátning á undan kvöldmáltíð

P Játum syndir okkar og lifum í kærleika og sátt.

A Drottinn Guð, í ljósi sannleika þíns sé ég og viðurkenni að ég hef syndgað í hugsunum, orðum og gjörðum. Þig á ég að elska fram yfir annað sem Guð og frelsara, en ég hef elskað mig meira en þig. Þú kallaðir mig til þjónustu við þig, en ég hef illa varið tímanum sem þú gafst mér. Þú treystir mér fyrir náunga mínum, en ég hef brugðist við með hjartakulda. Þess vegna kem ég til þín og játa skuldir mínar. Dæm mig, Guð, en varpa mér eigi frá þér. Eina skjól mitt er órannsakanleg miskunn þín.

EDA

A Drottinn, lát verk miskunnar þinnar fullkomnast í okkur svo að við megum vitna um dýrð þína um allan heim. Fyrir kross og þjáningu frelsarans Jesú Krists, leið okkur ásamt öllum þínum heilögu inn til fagnaðar uppreisunnar. Almáttugur Guð miðli okkur af miskunn sinni og fyrirgefi okkur syndirnar vegna Jesú Krists. Hann gefi okkur styrk í allri gæsku og varðveiti okkur með krafti heilags anda til eilífs lífs.

EDA

A Við játum fyrir þér, almáttugi Guð, skapari okkar og lausnari, að við höfum margvíslega syndgað í hugsunum, orðum og gjörðum. Fyrirgef okkur vegna miskunnar þinnar og leið okkur til eilífs lífs, til dýrðar nafni þínu.

Að syndajátningu lokinni segir presturinn:

P Í Heilagri ritningu segir: Ef við játum syndir okkar, þá er Guð trúr og réttlátur, svo að hann fyrirgefur okkur syndirnar og hreinsar okkur af öllu ranglæti. (1Jóh. 1.9)

S Amen.

Upphaf þakkargjörðarinnar

1. Upphaf þakkargjörðarinnar (sunnudaga árið um kring, sjá grunnguðsþjónustu)

- P** Sannlega er það verðugt og rétt að við ávallt og alls staðar lofum þig og þökkum þér, fyrir Drottin Jesú Krist sem þú sendir heiminum til hjálpræðis. Vegna dauða hans eigum við fyrirgefningu syndanna og fyrir upprisu hans eignumst við lífið. Fyrir hann er nafn þitt vegsamað frá sólarupprás til sólarlags. Þess vegna tökum við undir lofsöng englanna og segjum án afláts: **Heilagur, heilagur fylgir hér á eftir.**

2. Upphaf þakkargjörðarinnar (sunnudaga árið um kring)

- P** Sannlega er það verðugt og rétt að við færum þér þakkir og lofum þig, heilagi Guð, á öllum tímum og á öllum stöðum. Því að þú hefur gert okkur að þínu fólki og börnum hinna miklu fyrirheita. Á meðan við bíðum þess að þú gerir alla hluti nýja, syngjum við þér lof ásamt öllum sem tilheyra þér, bæði hér á jörðu og í ljósinu, og segjum án afláts: **Heilagur, heilagur fylgir hér á eftir.**

3. Upphaf þakkargjörðarinnar (sunnudaga árið um kring og allraheilagramessu)

- P** Fyrir hvíldina sem þú skapaðir,
S lofum við þig.
P Fyrir boðið um að hvílast,
S þökkum við þér.
P Fyrir hvíldina sem hin frjálsu njóta,
S tignum við þig.
P Fyrir hvíldina sem styður samfélagið,
S upphefjum við nafn þitt.
P Fyrir hvíldina sem nærir mannkynið,
S heiðrum við þig.
P Fyrir þinn elskaða son sem leiðir okkur til eilífrar hvíldar, þar sem réttlæti og friður ríkja, tökum við undir með öllum þeim sem hafa gengið inn til hvíldar þinnar og í samfélagi heilagra syngjum við lof þitt og segjum án afláts: **Heilagur, heilagur fylgir hér á eftir.**

4. Upphaf þakkargjörðarinnar (einkum fyrir aðventu, jól og sunnudaga eftir þrettánda)

Sannlega er það verðugt og rétt að við lofum þig og þökkum þér, Guð lífsins,

ávallt og alls staðar,
er við væntum þess stöðugt að þú uppfyllir fyrirheit þín,
og fögnum yfir Orðinu, sem varð hold.
Þess vegna tökum við undir í lofsöngnum
með englunum og öllum þínum börnum á himni og á jörðu
og segjum án afláts: **Heilagur, heilagur fylgir hér á eftir.**

5. Upphaf þakkargjörðarinnar (einkum fyrir föstu)

Sannlega er það verðugt og rétt
að við lofum þig, Drottinn Guð,
ávallt og alls staðar.
Þú sendir son þinn, Jesú Krist,
brauð lífsins og hinn sanna vínið,
svo að þau sem á hann trúa glattist ekki heldur hafi eilíft líf.
Þess vegna tökum við undir í lofsöngnum
með englunum og öllum þínum börnum á himni og á jörðu
og segjum án afláts: **Heilagur, heilagur fylgir hér á eftir.**

6. Upphaf þakkargjörðarinnar (einkum fyrir páska og gleðidaga)

Sannlega er það verðugt og rétt
að við lofum þig, Guð lífsins,
ávallt og alls staðar.
Því að Jesús Kristur er hið sanna páskalamb
sem var fórnað fyrir okkur
og í upprisu hans gefur þú veröldinni von og eilíft líf.
Þess vegna tökum við undir í lofsöngnum
með englunum og öllum þínum börnum á himni og á jörðu
og segjum án afláts: **Heilagur, heilagur fylgir hér á eftir.**

7. Upphaf þakkargjörðarinnar (einkum fyrir hvítasunnu, þrenningarhátíð, kristniboðsdaginn, kirkjuhátíðir og vígslu til þjónustu)

[Texta innan hornklofa má sleppa.]

Sannlega er það verðugt og rétt
að við lofum þig, Drottinn Guð,
gjafari anda og sannleika,
[fyrir son þinn, Jesú Krist, lifandi vatnið,
ávallt og alls staðar.
Við þökkum þér fyrir að þú vilt úthella heilögum anda
svo að allur heimur gleðjist í hjartans æðsta fögnuði.]
Þess vegna tökum við undir í lofsöngnum
með englunum og öllum börnum þínum á himni og á jörðu
og segjum án afláts: **Heilagur, heilagur fylgir hér á eftir.**

8. Upphaf þakkargjörðarinnar (einkum fyrir tímabil sköpunarverksins og/eða þemaguðspjónustu um sköpun/náttúruvernd)

[Texta innan hornklofa má sleppa.]

Sannlega er það verðugt og rétt
að við lofum þig, skapandi Guð,
sem umlykur okkur á bak og brjóst með elsku þinni.
[Við þökkum þér fyrir að
nærvera þín hvílir í allri sköpun þinni
og myrkur og ljós eru jöfn fyrir þér.]
Þess vegna tökum við undir í lofsöngnum
með englunum og öllum börnum þínum á himni og á jörðu
og segjum án afláts: **Heilagur, heilagur fylgir hér á eftir.**

9. Upphaf þakkargjörðarinnar (einkum fyrir sunnudaga eftir þrenningarhátíð)

[Texta innan hornklofa má sleppa.]

Sannlega er það verðugt og rétt
að við færum þér þakkir og lofum þig, heilagi Guð,
á öllum tímum og á öllum stöðum.
[Því að þú hefur gert okkur þitt fólk
og börn hinna miklu fyrirheita.]
Á meðan við bíðum þess að þú gerir alla hluti nýja,
syngjum við þér lof
ásamt öllum sem tilheyra þér,
bæði hér á jörðu og í ljósinu,
og segjum án afláts:

Pakkarbæn

1. Pakkarbæn (sunnudaga árið um kring, sjá grunnþjónustuform)

D/L/P Lífsins Guð, sem fæðir og fóstrar allt sem lifir. Við lofum þig fyrir allt sem við höfum þegið frá þér. Við þökkum þér að þú sendir okkur son þinn, Jesú Krist, til að næra hungraðan heim og líkna þeim sem líða. Send okkur heilagan anda, svo að gjafir þínar sem við neytum verði okkur brauð lífsins og bikar blessunarinnar. Því að... **Hér fylgja Innsetningarorðin á eftir.**

2. Pakkarbæn (sunnudaga árið um kring, sjá kjarnaguðsþjónustuform)

Við lofum þig, Guð elskunnar, sem ert ljósmóðir lífsins og gefur jarðveg, regnvatn og sólskin, svo að jörðin megi bera ávöxt. Við þökkum þér að þú elskaðir svo heiminn að þú gafst einkason þinn, Jesú Krist, svo að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf. Heilagur andi, við biðjum þig að vökva okkur með visku þinni, svo að gjafir þínar megi verða okkur brauð lífsins og bikar blessunarinnar. **Hér fylgja Innsetningarorðin á eftir.**

3. Pakkarbæn (sunnudaga árið um kring)

Við þökkum þér son þinn, Jesú Krist,
fyrir bænir Jesú, boðun Jesú,
fyrir fæðuna sem hann gaf fjöldanum,
fyrir það að hann hvíldist, eins og við,
fyrir rödd hans sem kallar öll þau sem þunga eru hlaðin
að taka upp ok hans og finna sálum sínum hvíld. **Hér fylgja Innsetningarorðin á eftir.**

4. Pakkarbæn (einkum fyrir aðventu, jól og sunnudaga eftir þrettánda)

[Texta innan hornklofa má sleppa.]

Sannlega ert þú heilagur, Drottinn.
[Við lofum þig fyrir fegurðina sem þú birtir okkur í skammdeginu,
því að myrkur og ljós eru jöfn fyrir þér.
Við lofum þig fyrir gróðurinn, sem sefur í mjúku myrkri moldarinnar nú yfir veturinn,
fyrir ávöxt jarðar, sem þú gefur með regnvatni og sólskinu,
fyrir sérhvert nýtt líf, sem þú tendrar,
og fyrir gjafir brauðs og víns á þessu borði.]
Við lofum þig fyrir son þinn, Jesú Krist,
konunginn sem kom til okkar
sem lítið barn í stjörnuþjórtu gripahúsi,
til að fylla jörðina af þekkingu á Drottni. **Hér fylgja Innsetningarorðin á eftir.**

5. Pakkarbæn (einkum á föstu)

[Texta innan hornklofa má sleppa.]

Guð, sem gefur okkur lifandi brauð.
Lof sé þér fyrir náð þína og nærveru.
Við þökkum þér fyrir tækifærið

til að viðurkenna syndir okkar, taka sinnaskiptum
og þiggja fyrirgefninguna og lífið eilífa, eins og Kristur hefur lofað.
Við lofum þig fyrir að mega fylgja þér eftir
[og þiggja köllunina
til að trúa á elskandi Guð,
til að vona á hið lifandi orð,
og til að vera salt jarðar og sýna allri sköpun Guðs kærleika.
Við þökkum þér fyrir vonina
um að einn daginn munir þú þerra hvert tár af augum okkar
og að dauðinn muni ekki framar vera til,
hvorki harmur, né vein, né kvöl verði framar til.]
Við þökkum þér fyrir brauðið,
líkama Krists sem þú gefur heiminum til lífs,
eins og Drottinn Jesús Kristur kenndi okkur er hann... **Hér fylgja Innsetningarorðin á eftir.**

6. Þakkarbæn (einkum fyrir páska og gleðidaga)

[Texta innan hornklofa má sleppa.]

Sannlega ert þú heilagur, ljóssins Guð!
Við lofum þig í fögnuði,
þig sem ert upprisinn Drottinn,
bjarg hjartans og hlutskipti okkar um eilífð.
Við þökkum þér fyrir að Jesús gefur okkur nýtt líf
sem við megum deila með öðrum
líkt og konurnar við gröf hans.
[Við lofum þig fyrir rísandi sól vorsins,
fyrir söng lóunnar, birtu kvöldsins, leiki barnanna
og fyrir dögum nýrrar sköpunar
sem upprisa Jesú gefur okkur hlutdeild í.]
Við þökkum þér fyrir veisluna miklu, sem þú vilt búa öllum þjóðum, því að... **Hér fylgja
Innsetningarorðin á eftir.**

7. Þakkarbæn (einkum fyrir hvítasunnu, þrenningarhátíð, kristniboðsdaginn, kirkjuhátíðina og vígslu til þjónustu)

[Texta innan hornklofa má sleppa.]

Heilagi og huggandi Guð.
[Lofaður sértu fyrir að þú gefur allt líf,
því að andi þinn er bæði sprengikraftur sköpunarinnar
og þytur af þýðum blæ.]
Lofaður sértu fyrir mátt og elsku andans,
því að við vonum á orð þitt
og þú munt ekki skilja okkur eftir munaðarlaus.
Lofaður sértu fyrir eld heilags anda, sem stofnsetti kirkju þína,
og lætur blessun þína loga í gjöfunum við borðið, því að... **Hér fylgja Innsetningarorðin á
eftir.**

8. Þakkarbæn (einkum fyrir tímabil sköpunarverksins og/eða þemaguðsþjónustu um sköpun/náttúruvernd)

[Texta innan hornklofa má sleppa.]

Guð jarðvegs og jökla, þú sem gefur lífinu lit.

[Við þökkum þér fyrir græna haga og svartar strendur,

fyrir hvíta tinda og bláar öldur,

fyrir litríkt sólarlag sem kveður daginn með kossi sínum.

Við þökkum þér einnig fyrir regnboga himinsins,

sem með litum sínum minnir okkur á ást þína yfir fjölbreyttum heimi.

Við fyllumst lotningu þegar við lítum verk handa þinna.]

Þú leist sköpunina og sást að hún var góð.

Við þökkum þér, Guð fræs og flóða, að þú kallar okkur til samfélags við þig, þar sem við sitjum öll við sama borð, líkt og Drottinn Jesús Kristur og vinir hans...

Hér fylgja Innsetningarorðin á eftir.

9. Þakkarbæn (einkum fyrir sunnudaga eftir þrenningarhátíð)

Guð viskunnar,

í árdaga settir þú lífsins tré í garði þínum miðjum

til að næra og vernda alla sköpunina.

Þegar tíminn var fullnaður

plantaðir þú að nýju á Golgata lífsins tré,

hinum heilaga, líknandi krossi Jesú Krists.

Þegar hann dó fyrir okkur,

frelsaði hann okkur frá dauða, sorg, gráti og þjáningu

og gaf okkur von um líf í fullri gnægð og eilífa gleði. Hér fylgja Innsetningarorðin á eftir.

Minning (anemnesis) og ákall til heilags anda (epiklesis)

1. Minning og ákall (sunnudaga árið um kring, sjá grunnuguðspjónustuform)

Minning

P Þess vegna komum við saman og neytum þessarar máltíðar í minningu hans sem gekk á jörðu, boðaði frið og þjónaði þeim sem þurftu. Fyrir líf hans, dauða hans á krossi og uppris, fáum við að nálgast þig, eilífi Guð, faðir og móðir, í einum anda.

Ákall til heilags anda

P Fyll okkur heilögum anda og sameina heilaga kirkju þína í þjónustu við þig og hvert annað. Hér er enginn gestur eða framandi heldur erum við öll eitt í samfélagi heilagra og fjölskylda Guðs.

S/P Fyrir Krist, með Kristi og í Kristi sé þér, almáttugi Guð, faðir og móðir, í einingu heilags anda, heiður og dýrð í heilagri kirkju þinni um aldir alda. Amen. **Hér kemur Faðir vor á eftir.**

2. Minning og ákall (sunnudaga árið um kring, sjá kjarnaguðspjónustuform)

Minning

P Þannig minnumst við frammi fyrir þér, skapari stjarnanna, dauða og uppris sonar þíns og biðjum þig:

Ákall til heilags anda

P Tendra í okkur eld andans, þegar við þiggjum í brauði og víni líkama og blóð Drottins. Sameina kirkju þína á kletti trúarinnar svo að við lofum þig einum rómi fyrir Jesú Krist, son þinn.

A/P Fyrir Krist, með Kristi og í Kristi sé þér, Guð faðir og móðir, í einingu heilags anda, heiður og dýrð í heilagri kirkju þinni um aldir alda. Amen. **Hér kemur Faðir vor á eftir.**

3. Minning og ákall (sunnudaga árið um kring, sjá kjarnaguðspjónustuform)

Minning

P Þegar við borðum af þessu brauði fáum við hvíld í líkama Krists sem fyrir okkur var gefinn með dauða hans á krossi. Þegar við drekkum af þessum kaleik fáum við hvíld í blóði Krists sem var úthellt til fyrirgefningar syndanna. Við játum leyndardóm trúarinnar:

S Kristur dó. Kristur reis upp. Kristur kemur aftur.

Ákall til heilags anda

P Biðjum um nærveru heilags anda:

S Kom, heilagur andi, svo að í nálægð Jesú
fáum við að nærast, hvílast og endurnýjast.
Blíði Guðs andi, drag okkur nær hvert öðru
svo við megum verða eitt, frjáls undan oki, ótta og byrðum,
frjáls til að vera þau sem þú ætlar okkur að vera.

A/P Fyrir Krist, með Kristi og í Kristi sé þér, almáttugi Guð, faðir og móðir, í einingu heilags
anda, heiður og dýrð í heilagri kirkju þinni um aldir alda. Amen. **Hér kemur Faðir vor á eftir.**

4. Minning og ákall (einkum fyrir aðventu, jól og sunnudaga eftir þrettánda)

[Texta innan hornklofa má sleppa.]

P Þegar við borðum af þessu brauði og drekkum af þessu víni
minnumst við með þakklæti alls þess sem Kristur gerði fyrir okkur,
er hann [lifði í samstöðu með þeim útskúfuðu,
boðaði fátækum og kúguðum frið og réttlæti,]
gaf líf sitt á krossi, afmáði syndir okkar með sárum sínum,
reis upp frá dauðum í rökkri morguns
og lofaði vinkonum sínum og vinum að yfirgefa þau aldrei.

[Kom, helgur andi!
Fyll þessa máltíð af ástríkri nálægð þinni.
Á sama hátt og Jóhannes, þjónn þinn,
tók viðbragð af gleði í dimmunni í móðurlífi Elísabetar,
er hann heyrði rödd Maríu, móður Drottins,
biðjum við þig að hjálpa okkur í þessari máltíð
að fagna yfir barninu Jesú og komandi ríki Krists.]
Kom, helgur andi,
svo að hjartans miskunn Guðs okkar
vitji okkar í þessari máltíð
eins og sólin sem rennur upp af hæðum.

A/P Fyrir Krist, með Kristi og í Kristi sé þér, almáttugi faðir og móðir, í einingu heilags
anda, heiður og dýrð í heilagri kirkju þinni um aldir alda. Amen. **Hér kemur Faðir vor á eftir.**

5. Minning og ákall (einkum fyrir föstu)

Minning

P Guð elskunnar, við mætum þér við borð þitt
og minnumst fórnar Krists, þjáningar hans og dauða fyrir syndir okkar,
en einnig upprisu Jesú, sem lifir og er með okkur.
[Líkt og konan, sem sópar húsið uns hún finnur týndan pening,
leitar þú okkar.

Líkt og kaupmaður, sem selur allt sem hann á fyrir fagra perlu,
lagðir þú allt í sölurnar fyrir okkur.]

Ákall til heilags anda

Við biðjum þig:

Send þinn heilaga anda,

svo að þegar við borðum brauðið og drekkum vínið,

líkama og blóð Drottins Jesú Krists,

meðtökum við náð Guðs.

[Lát dýrð þína brjótast fram í lífi okkar, eins og á í vexti.]

A/P Fyrir Krist, með Kristi og í Kristi sé þér, almáttugi faðir og móðir, í einingu heilags anda, heiður og dýrð í heilagri kirkju þinni um aldir alda. Amen. *Hér kemur Faðir vor á eftir.*

6. Minning og ákall (einkum fyrir páska og gleðidaga)

Minning

Við minnumst þess að páskagleði okkar grundvallast

á lífi og verki frelsara okkar Jesú Krists,

góða hirðisins, sem var svikinn, píndur og krossfestur.

Við minnumst þess að engillinn boðaði sigur lífsins, Jesú Krist upprisinn,

og að Jesús var upp numinn til himins

en lét vinum sínum eftir að boða góðu fréttirnar, skíra og kenna.

Við borð Guðs lyftum við hjörtum okkar,

biðjum um endurnýjun andans

og leyfum lífi okkar að fyllast af gleðinni sem Jesús færir okkur.

Ákall til heilags anda

Við biðjum þig, miskunnsami Guð:

Send okkur heilagan anda,

að hann opni augu okkar þegar brauðið er brotið.

Blessa okkur þessa gjöf, líkama og blóð,

svo að steinunum verði velt frá hjörtum okkar,

og þau brenni af þrá til að þjóna Guði og náunga okkar.

A/P Fyrir Krist, með Kristi og í Kristi sé þér, almáttugi faðir og móðir, í einingu heilags anda, heiður og dýrð í heilagri kirkju þinni um aldir alda. Amen. *Hér kemur Faðir vor á eftir.*

7. Minning og ákall (einkum fyrir hvítasunnu, þrenningarhátíð, kristniboðsdaginn, kirkjuhátíð og vígslu til þjónustu)

[Texta innan hornklofa má sleppa.]

Minning

P Þess vegna minnumst við með tilbeiðslu okkar
að styrkur okkar kemur frá Drottni,

sem lagði líf sitt í sölurnar fyrir okkur.
Kristur dó svo að við mættum lífa.
Kristur reis upp og býður okkur til eilífrar veislu,
þar sem við megum tilbiðja í anda og sannleika.

Ákall til heilags anda

P Við biðjum þig:
Gef að við fyllumst heilögum anda í þessari máltíð,
svo að við megum lofa þig með orðum okkar og verkum
[og lækir lifandi vatns streymi frá hjörtum okkar
Lát hjörtu okkar gleðjast og tungu okkar fagna,
leyf líkama okkar að hvíla í von.
Hjálpa kirkju þinni, svo að við megum í þessari dýrlegu gjöf sameinast í andanum:
gleðjast saman, syrgja saman og vona saman,
því að öll erum við eitt í frelsara okkar, og öll fengum við einn anda að drekka.]

A/P Fyrir Krist, með Kristi og í Kristi sé þér, almáttugi faðir og móðir, í einingu heilags anda, heiður og dýrð í heilagri kirkju þinni um aldir alda. Amen. *Hér kemur Faðir vor á eftir.*

8. Minning og ákall (einkum fyrir tímabil sköpunarverksins og/eða þemaguðspjónustu um sköpun/náttúruvernd)

[Texta innan hornklofa má sleppa.]

Minning

P Við minnumst þess að við erum hluti af sögu og áætlun Guðs,
sem skapaði heiminn og gladdist,
en hryggðist yfir synd manneskjunnar,
sendi okkur son sinn, Jesú Krist,
til að frelsa okkur og gefa okkur líf
með dauða sínum og upprisun.
[Þegar við söfnumst saman við borð Jesú
minnum við okkur því á hvaðan við komum, hver við erum og hvert við viljum halda.]

Ákall til heilags anda

P Við biðjum þig, Guð:
Send okkur þinn heilaga anda er við þiggjum gjafirnar á borði þínu:
Brauð lífs og sköpunar.
Vín vaxtar og elsku.
[Þú sem gefur öllu á himni, hafi og jörðu líf,
hjálpa okkur með þessari máltíð
að minnast ábyrgðar okkar gagnvart sköpun þinni,
að unna henni og annast hana.
Lát gjöf þína blessa líkama okkar og huga,
svo við getum sinnt ráðsmennskuhlutverki okkar

með virðingu og hógværð.]

A/P Fyrir Krist, með Kristi og í Kristi sé þér, almáttugi faðir og móðir, í einingu heilags anda, heiður og dýrð í heilagri kirkju þinni um aldir alda. Amen. **Hér kemur Faðir vor á eftir.**

9. Minning og ákall (einkum fyrir sunnudag eftir þrenningarhátíð)

[Texta innan hornklofa má sleppa.]

Minning

P Þess vegna, Guð, minnumst við dauða Drottins og kunnngjörum upprisu hans, í og með þessu brauði og þessu víni.
[Við væntum endurkomu hans í dýrð til að þerra hvert tár af augum okkar.
Guð, lát þessa máltíð verða hvata fyrir okkur til að gera hið sama.

Í þér er ljós og líf.

Þú deildir því með öðrum okkur til blessunar,

svo við megum vera ljósberar elsku þinnar.

Við borð Krists erum við öll jöfn.

Hann sat meðal syndara, tollheimtumanna og lærisveina og vill sameina okkur öll í staðfastri trú og kærleika.]

Ákall til heilags anda

P Við biðjum þig, Guð:
Send þinn heilaga anda yfir söfnuð þinn og þessa máltíð svo að öll þau sem nærast við borð þitt verði einn líkami og eitt samfélag.

A/P Fyrir Krist, með Kristi og í Kristi sé þér, almáttugi faðir og móðir, í einingu heilags anda, heiður og dýrð í heilagri kirkju þinni um aldir alda. Amen. **Hér kemur Faðir vor á eftir.**

Brotning brauðsins

P Brauðið sem við brjótum er samfélag um líkama Krists.

S Við erum einn líkami, þótt við séum mörg,
því að við nærumst af einu og sama brauðinu.

Á undan útdeilingu

A/P Drottinn, ég er ekki verður þess að þú gangir undir þak mitt, en mæl þú eitt orð og mun sál mín heil verða (Lúk 7.6-7).

Bæn eftir kvöldmáltíð

Hver bæn byrjar með orðunum „Við skulum þakka og biðja“ og endar með því að söfnuðurinn segir Amen.

1. Bæn eftir kvöldmáltíð (sunnudaga árið um kring, sjá einnig grunnuguðsþjónustuform)

D/L/P Guð, við þökkum þér að þú hefur nú mettað okkur með brauði lífsins. Hjálpa okkur að vera greinar á vínvið þínum og gefa öðrum af brauði okkar. Varðveit okkur í gleði hjálpræðis þíns, fyrir Jesú Krist.

S Amen.

2. Bæn eftir kvöldmáltíð (sunnudaga árið um kring, sjá einnig kjarnaguðsþjónustuform)

D/L/P Guð, við þökkum þér að þú hefur nú mettað okkur með brauði lífsins. Hjálpa okkur að vera greinar á vínvið þínum og gefa öðrum af brauði okkar. Varðveit okkur í gleði hjálpræðis þíns. Í Jesú nafni.

S Amen.

3. Bæn eftir kvöldmáltíð (sunnudaga árið um kring)

A Verið með sama hugarfari sem Kristur Jesús var.
Hann var í Guðs mynd. En hann fór ekki með það sem feng sinn að vera Guði líkur.
Hann svipti sig öllu, tók á sig þjóns mynd
og varð mönnum líkur.
Hann kom fram sem maður, lægði sjálfan sig
og varð hlýðinn allt til dauða,
já, dauðans á krossi.
Fyrir því hefur og Guð
hátt upp hafið hann
og gefið honum nafnið,
sem hverju nafni er æðra,
til þess að fyrir nafni Jesú
skuli hvert kné beygja sig á himni, jörðu og undir jörðu
og sérhver tunga játa Guði föður til dýrðar:
Jesús Kristur er Drottinn (Fil 2.5-11). Amen.

4. Bæn eftir kvöldmáltíð (einkum á aðventu, jólum og sunnudögum eftir þrettánda)

[Texta innan hornklofa má sleppa.]

D/L/P Guð allrar miskunnar. Við þökkum þér fyrir að hafa nært okkur með brauði og víni, líkama þínum og blóði. Varpa tunglbirtu þinni á veg okkar. Þess biðjum við í nafni sonar þíns, Jesú Krists.

S Amen.

5. Bæn eftir kvöldmáltíð (einkum á föstu)

- L** Biðjum: Þökk sé þér, Guð elskunnar, að í þessari máltíð Jesú Krists nutum við nálægðar þinnar. Endurnýja samfélag okkar með þínum anda, svo að við treystum á þig í lífi og dauða og lofum þig með höndum okkar og fótum, tungu okkar og hjarta. Í Jesú nafni.

EÐA

- L** Guð, við þökkum þér, að þú hefur með brauði lífsins og bikar blessunarinnar gefið okkur næringu til líkama og sálar. Styrk þær hendur sem við réttum fram til að taka á móti máltíð þinni, og ger þær tilbúnar til góðra verka. Í Jesú nafni.

- S** Amen.

6. Bæn eftir kvöldmáltíð (einkum fyrir páska og gleðidaga)

- L** Lifandi Guð. Við þökkum þér fyrir máltíðina og fyrir að fá að njóta nálægðar þinnar og kærleika. Ver með okkur alla daga allt til enda. Endurnýja samfélag okkar með anda þínum svo að við treystum á þig í lífi og dauða, fyrir Jesú Krist.

EÐA:

- L** Við þökkum þér, upprisni Kristur, að þú hefur með brauði lífsins og bikar blessunarinnar gefið okkur næringu til líkama og sálar. Hjálpa okkur að þjóna þér og hvert öðru þegar við fetum áfram veginn til lífsins, fyrir Jesú Krist.

- S** Amen.

7. Bæn eftir kvöldmáltíð (einkum fyrir hvítasunnu, þrenningarhátíð, kristniboðsdaginn, kirkjuhátíðir og vígslu til þjónustu)

- L** Lifandi Guð. Við þökkum þér fyrir þessa máltíð. Lát nú eld heilags anda leiða kirkju þína, svo að ávextir andans birtist í lífi okkar: kærleiki, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, hógværð og sjálfsgæði. Þess biðjum við í Jesú nafni.

- S** Amen.

8. Bæn eftir kvöldmáltíð (einkum fyrir tímabil sköpunarverksins og/eða þemaguðspjónustu um sköpun/náttúruvernd)

- L** Skapandi Guð, við þökkum þér að þú hefur með þessari máltíð sáð í okkur fræjum trúar, vonar og kærleika. Við biðjum þig að gefa okkur samfélag réttlætis og vonar, og minnst daglega ábyrgðar okkar gagnvart öllu lífi. Fyrir Jesú Krist.

- S** Amen.

9. Bæn eftir kvöldmáltíð (einkum fyrir sunnudaga eftir þrenningarhátíð)

- L** Við þökkum þér, upprisni Kristur, að þú hefur með brauði lífsins og bikar blessunarinnar gefið okkur næringu til líkama og sálar. Hjálpa okkur að þjóna þér og hvert öðru, nú þegar við fetum áfram veginn til lífsins með þér, fyrir Jesú Krist.

- S** Amen.